



Fjölmennti sótti árvissan jólabasar Hringsins í gær. Í hópi þeirra sem gerðu góð kaup voru Geir Ólafsson tónlistarmaður og unnusta hans sem hér kaupa ungbarnaföt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DEBENHAMS

GERÐU GÓÐ KAUP  
á sprengidegi



**25%**  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM  
NEMA

**20%**  
AFSLÁTTUR

AF SNYRTIVÖRUM\*

\*Gildir ekki af MAC  
Gildir ekki af öðrum tilboðum

SÍDASTI DAGUR!

Sprengidagar  
4.-9. NÓVEMBER

## Íbúð í Hlíðunum var útbúin til nauðgana

Tveir karlar, grunaðir um hrottaleg kynferðisbrot, ganga lausir. Málið er í rannsókn.

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu í tveimur aðskildum kynferðisbrota-málum beinist að húsnæði í fjölbýlishúsi í Hlíðahverfi í Reykjavík, þar sem talið er að árásirnar hafi átt sér stað. Lögregla staðfestir að tvær kærur hafi verið lagðar fram í málinu. Samkvæmt heimildum blaðsins voru árásirnar hrottalegar og íbúðin búin tækjum til ofbeldis-iðkunar.

Fréttablaðið greindi frá áras-unum fyrir helgi, en þær áttu sér báðar stað í október. Tveir karlar eru grunaðir um árásirnar. Annar er á fertugsaldri og stundar nám við frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík, þar sem fórnarlömb árásanna stunda báðar nám. Hinn er á svipuðum aldri og starfsmaður á hótelinu Reykjavík Marina. Hann

» Árásirnar tvær sem lögregla rannsakar tengjast báðar nemendum við Háskólann í Reykjavík.

hefur verið sendur í leyfi á meðan á rannsókn stendur.

Fyrri nauðgunin er sögð hafa átt sér stað eftir bekkjarskemmtun háskólanemanna á skemmti-staðnum Austri, í umræddri íbúð í Hlíðunum. Níu dögum síðar á hinna konunni að hafa verið nauðg- að, í sömu íbúð, af báðum mönn- unum eftir bekkjarskemmtun á Slippbarnum.

Umráðamaður íbúðarinnar er maðurinn sem starfaði hjá Reykja- vík Marina, sem rekur Slippbarinn. Samkvæmt upplýsingum frá sam-

nemendum kvennanna leikur grun- ur á að mennirnir hafi í það minnsta í öðru tilvikinu byrjað konunni ólyfjan áður en ráðist var á hana.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum blaðsins fann lögregla í íbúðinni ýmis töl og tæki sem mennirnir eiga að hafa notað við nauðganirnar, svo sem svipur, reipi og keðjur. Þá voru hankar í loftinu sem grunur leikur á að mennirnir hafi notað til að hengja upp aðra konuna á meðan ráðist var á hana.

Lögreglan vill ekki staðfesta hvað hafi fundist við hútleitina. Hún staðfestir þó að hún hafi verið gerð í framhaldi af því að menn- irnir voru handteknir. Mönnunum var sleppt að lokinni frumrann- sókn lögreglu. Ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir þeim. – ngy

## Sóknargjöld sögð fara í röng útgjöld

**STJÓRNSÝSLA** „Jafnvel þó að um ein- hvers konar neyðarástæður hafi verið að ræða vegna peningaástandsins í kirkjunni í kjölfar hrunsins þá verðum við að breyta þessu strax og ekki síðar en nú, hér á þessu þingi, því þetta gengur ekki,“ sagði séra Geir Waage á Kirkjuþingi í október.

Geir, sem er sóknarprestur í Reyk- holti, sagði að fjármunir úr jöfnunar- sjóði sóknanna í landinu hefðu verið „teknir í nokkuð stórum stíl á undan- förnum árum til að launa presta og

til þess að greiða ýmsan kostnað á Biskupsstofu“. Eftir hrun hefðu á þennan hátt samtals runnið 175 mill- jónir króna úr jöfnunarsjóðnum. Það væri óheimilt samkvæmt lögum og reglugerðum.

„Það er hvergi nokkurs staðar opnuð leið í lögnum eða reglugerðinni til þess að taka fé úr þessum sjóði til þess að kosta prestsþjónustu eða til annars kostnaðar heldur en einhverrar umsýslu sjóðsins á Biskupsstofu,“ sagði Geir.

Séra Gísli Jónasson, formaður fjár- hagsnefndar Kirkjubings, dró í efa að þessi aðferð væri ekki í samræmi við lög og reglur. „Við getum sjálfsagt gert ágreining um það hvort það hafi verið rétt ákvörðun eða ekki en hún var allavega gerð til þess að forða því að fækka starfsmönnum meira en orðið hefur verið,“ útskýrði Gísli.

Þegar upplýst var að kirkjuráð Þjóð- kirkjunnar hefði samþykkt að ekki yrði fært frekara fé milli sjóða kvaðst Geir hins vegar sáttur. – gar / sjá síðu 6

**LANDMARK**  
FASTEIGNASALA

Sími

512 4900

landmark.is

**LANDMARK**

Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um úrtölu- menn í loftslagsmálum. 12-13

**SPORT** Strákarnir okkar unnu ríkjandi heimsmeistara. 14

**TÍMAMÓT** Steingrímur Sævarr Ólafsson, fjölmiðlaraðgjafi og fyrrverandi fréttastjóri, er fimm- tugur í dag. 16

**LÍFÍÐ** Rokksveitin Zhirne landaði samning við Sea- son of Mist. 24-26

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ**  
● FÓLK ● FASTEIGNIR  
● HÚSNÆÐISLÁN

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður



Hægir vindar og bjart með köflum framan af morgundegi, en austankaldi og dálítil slydda eða snjóköma sunnan til með kvöldinu. Hiti við 0 til 5 stig. **SJÁ SIÐU 18**



Greindarskertur maður hefur verið í einangrun á Litla-Hrauni í tæplega sex vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

## Fékk að ræða við móður sína

**LÖGREGLUMÁL** Greindarskertur hollenskur maður sem hefur verið í einangrun á Litla-Hrauni síðan 29. september hefur fengið að hafa samband við móður sína undir eftirliti lögreglu. Hann, ásamt tveimur Íslendingum og öðrum Hollendingi, er í einangrun í tengslum við rannsókn á smygli á 23 kílóum af sterkum fíkniefnum til landsins með Norrænu.

Að sögn verjanda mannsins telur lögreglan ekki efni til að aflétta einangrun yfir manninum þrátt fyrir að farið hafi verið fram á geðrannsókn á honum. Af gögnum málsins má sjá að við skýrslutöku greindi hinn Hollendingurinn frá því að maðurinn væri með þroska á við tólf ára barn.

Gæsluvarðhaldsúrskurðir yfir mönnum renna út á morgun. – **ngy**

## Rækjukvótinn rúm 1.000 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að leyfðar verði veiðar á 100 tonnum af rækju í Skjálfaða, 250 tonnum í Arnarfirði og 700 tonnum í Ísafjarðardjúpi fiskveiðarárið 2015/2016.

Nýlegur leiðangur Hafró sýndi að magn ungfisks var yfir viðmiðunarmörkum og því hefur stofnunin lagt til að rækjuveiðar hefjist ekki fyrr en dregið hefur úr ungfiski á veiðisvæðum rækjunnar. – **shá**

## Guðað á gluggann



Íslandsmótið í skrafla fór fram í þriðja skipti í gær. Átján tóku þátt, en sigurvegari var Vilhjálmur Þorsteinsson forritari. „Þetta var ótrúlega spennandi því þetta var svo jafnt,“ segir Jóhannes Benediktsson, formaður Skraffélagsins. „Það fóru allir út með bros á vör enda frábært mót.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gunnar Hansen leikari látinn

Gunnar Hansen leikari lést á heimili sínu í Bandaríkjunum á laugardag. Hann var 68 ára en banamein hans var krabbamein.



Hann var þekktastur fyrir að leika óbermið Leatherface í tímamótahrollvekjuni Texas Chain Saw Massacre, sem gerð var árið 1974.

Hann lék einnig í íslensku bíómyndinni Reykjavík Whale Watching Massacre, en alls kom hann fram í 20 kvikmyndum um ævina.

Hann var fæddur á Íslandi og bjó þar fyrstu fimm árin, en þá flutti fjölskylda hans til Bandaríkjana.

# Stærsta sérverslun með bútasaumsefni í Evrópu

Hjónin Guðfinna og Helgi hafa rekið vefnaðarvöruverslunina Virku í 39 ár. Þau segja hana stærstu bútasaumsverslun Evrópu og eina þá stærstu í heiminum. Guðfinna hefur boðið erlendum ferðamönnum bútasaumsnámskeið í 20 ár.

**VIÐSKIPTI** Í Mörkinni er vefnaðarvöruverslunin Virka sem státar af því að vera stærsta bútasaumsverslun í Evrópu og ein sú stærsta í heimi. Í dag er verslunin með sex til átta þúsund tegundir af ströngum til bútasaums, en til samanburðar er stærsta bútasaumsverslun Ástralíu með um það bil níu þúsund tegundir. Hjónin Guðfinna Björk Helgadóttir og Helgi Þór Axelsson eru eigendur Virku og hafa rekið hana í 39 ár.

Hjónin hafa átt stóran þátt í því að kynna bútasaum fyrir Íslendingum. „Við komum með bútasauminn til Íslands árið 1978, og tókum þátt í heimilissýningu í Laugardagshöllinni sem sló algjörlega í gegn. Þá byrjaði ég að kenna alveg á fullu og kenndi á hverju kvöldi á veturna í mörg ár,“ segir Guðfinna.

Hjónin hafa árlega sótt bútasaumsýningu í Bandaríkjunum frá 1979 og eru einu verslunareigendurnir sem hafa komið á hverju ári. „Margar búðir hafa komið öll árin en hafa skipt um eigendur. Bútasaumsverslanir skipta heilmikið um eigendur því þetta er svo mikil vinna, þú þarft að vera að kenna og þú þarft að vera að sauma sýnishornin,“ segir Guðfinna.

Frá árinu 1994 hefur Guðfinna boðið erlendum hópum upp á bútasaumsnámskeið. Það hefur reynst afar vinsælt. „Við erum með mikið af erlendum hópum sem plana ferðir hingað og við erum búin að fá fyrirspurnir fram á næsta vor,“ segir hún. Ferðamennirnir koma víðs vegar að, allt frá Bandaríkjunum til Ástralíu. Guðfinna segir stærstu hópana koma frá Svíþjóð og Noregi.

Verslunin býður auk bútasaums upp á mikið úrval af fataefnum. „Fólk



Guðfinna segir að galdurinn við að halda rekstri gangandi í svona langan tíma sé hvað þau hjónin séu samhent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Margar búðir hafa komið öll árin en hafa skipt um eigendur. Bútasaumsverslanir skipta heilmikið um eigendur því þetta er svo mikil vinna, þú þarft að vera að kenna og þú þarft að vera að sauma sýnishornin.**

Guðfinna Björk Helgadóttir verslunareigandi

er að koma frá útlöndum og kaupa það líka. Konur sem koma til að heimsækja bútasaumsdeildina enda oft með því að kaupa heilmikið af fataefnum því þær hafa aldrei séð annað eins úrval.“ Aðspurð segir Guðfinna að galdurinn við það að halda rekstri gangandi í svona langan tíma sé hvað þau hjónin séu samhent. „Þetta hefur verið rosa mikil vinna hjá okkur en líka svo skemmtilegt.“

Hvað framtíð verslunarinnar varðar segir Guðfinna þau hjónin lítið hafa íhugað hana. „Etli ég verði ekki herna með göngugrind níræð? Svo framarlega sem við hjónin getum tekið okkur frí inni á milli,“ segir Guðfinna hin brattasta. [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)

# 15%

afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggiðum

- Allar bragðtegundir
- 2 mg og 4 mg

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 22. nóvember 2015

**Apótekarinn<sup>+</sup>**  
- lægra verð

[www.apotekarinn.is](http://www.apotekarinn.is)

Change is good

# Nýr Hyundai Santa Fe

Fjór hjóladrif, sjálfskipting, 200 hestafla dísilvél



ENNEEM / SIA / NM71837

Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá 7.090.000 kr.

  
**HYUNDAI** | NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.  
\*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

# Leiðtogar Kína og Taívans á sögulegum fundi um helgina

**TAÍVAN** Xi Jinping, forseti Kína, skrápp til Taívans á laugardaginn og spjallaði í um klukkustund við Ma Ying-jeou, forseta Taívans.

Þetta þótti afar sögulegur fundur þar sem leiðtogi Kína hefur aldrei áður farið til Taívans, hvað þá átt í viðræðum við þjóðarleiðtogann þar.

Kína viðurkennir ekki sjálfstæði Taívans, heldur lítur á eyjuna sem hérað í Kína. Taívan hefur hins vegar haft sjálfstæða ríkisstjórn

allar götur frá árinu 1949 þegar Mao Tse Tung og félagar hans gerðu byltingu og stofnuðu kommúnistaríki í Kína.

Chang Kai-shek, þáverandi leiðtogi Kína, flúði til Taívans ásamt stjórn sinni og viðurkendi aldrei kommúnistastjórnina á meginlandinu.

Stjórnin í Taívan viðurkennir því enn ekki Kínastjórn, ekki frekar en Kínastjórn viðurkennir Taívanstjórn.

Samskipti ríkjanna hafa þó

» **Taívan hefur haft sjálfstæða ríkisstjórn frá árinu 1949 þegar Mao Tse Tung og félagar gerðu byltingu og stofnuðu kommúnistaríki í Kína. Stjórnin í Taívan viðurkennir því ekki Kínastjórn um leið og Kína viðurkennir ekki sjálfstæði Taívans.**

eitthvað verið að skána á síðustu árum. Viðskiptasamningur hefur verið gerður og íbúum beggja landa er að mestu frjálst að ferðast á milli.

Ma Taívansforseti og flokkur hans, Kuomintang, riðu ekki feittum hesti frá sveitarstjórnarkosningum á síðasta ári. Þar er helst um kennt ótta íbúa Taívans við að Kína komi til með að notfæra sér þessi auknu samskipti ríkjanna til þess að hafa áhrif á stjórnarhætti í Taívan. –gb



Ma Ying-jeou og Xi Jinping, forsetar Taívans og Kína, á stuttum, sögulegum fundi um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

# Stærri íbúðir eru að detta úr tísku

Eftirspurn eftir minni íbúðum hefur aukist töluvert og er fermetraverð þeirra orðið 50 prósentum herra en stærra húsnæðis. Samkvæmt nýrri könnun hefur ekki einungis ungt fólk heldur einnig eldra tekjuhærra fólk áhuga á að búa í litlum íbúðum.

**VIÐSKIPTI** Eftirspurn eftir litlum íbúðum hefur sjaldan verið meiri en um þessar mundir. Samkvæmt nýrri skýrslu Greiningar Íslandsbanka er fermetraverð íbúða í minnsta stærðarflokki (0 til 70 fermetrar) orðið 50 prósentum herra en íbúða í stærsta stærðarflokki (210 fermetrar og þar yfir). Munurinn nam 15 prósentum þegar íbúðaverð var með hæsta móti fyrir hrun. Ný rannsókn Jóhanns Sigurðssonar arkitekts sýnir að stórt húsnæði er lagt á forgangslistanum bæði hjá ungu fólki og svo eldra fólki með háar tekjur. Þrátt fyrir vaxandi kaupmátt almennings virðist eftirspurn eftir stærra húsnæði ekki hafa vaxið eins og fyrir hrun. Ef til vill á eftirspurnin eftir stærra húsnæði hins vegar eftir að fylgja þegar við færumst frekar inn í þenslutímabilið að mati Ingólfs Bender, forstöðumanns Greiningar Íslandsbanka.

Jón Guðmundsson, annar eigenda Fasteignamarkaðarins, segist hafa fundið fyrir minni eftirspurn eftir stærra fasteignum að undanfögnu, en staðsetning minni íbúðanna skýri að hluta til verðmuninn. „Vegna aukinnar eftirspurnar og litils framboðs af minni eignum þá hefur fermetraverð þeirra hækkað verulega. Það eru trúlega að uppistöðu til þær eignir sem eru miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu sem skapa þennan tilvitnaða þverskurð. Það er mun meiri eftirspurn eftir eignum miðsvæðis en í úthverfum,“ segir Jón. Hann bendir einnig á að 80 prósent allra kaupsamninga á þessu tímabili varði minni eignir en 20 prósent varði stærra eignir og þar séu verðsvæiflurnar miklu meiri.

Jón telur að breytingar á lánastarfsemi bankanna hafi að hluta til valdið þessari breytingu. „Það hafa alltaf verið miklu fleiri kaupendur að minni eignum en stærra. Í uppsveiflunni fyrir hrun voru bankar að lána 90 og allt að 100 prósent af andvirði stórra eigna og þar af leiðandi voru miklu fleiri kaup-

endur að þeim eignum. Nú er mun erfiðara að fá lán fyrir stærra eignum og kaupendur þurfa að leggja fram meira eigið fé,“ segir Jón.

Aðspurður segir Jón að tíminn sem litlar íbúðir seljast á hafi styst en tíminn sem stærra og dýrari eignir seljast á hafi lengst síðustu mánuði. Hann telur trúlegt að verkföll og samningar sem staðið hafa yfir um launakjör fólks hafi spilað að einhverju leyti þar inn í. „Við reiknum með að það tímabil sé yfirstigið þannig að markaðurinn gæti færst aftur í eðlilegra horf,“ segir Jón. Hann segir erfitt að meta sölutímamann á stærra eignum en minni og vel staðsettar eignir seljist í fleiri tilfellum en færri á viku til tíu dögum.

Ingólfur tekur undir með Jóni að eftirspurn eftir stærra húsnæði eigi ef til vill eftir að aukast á komandi miss-erum, í efnahagsuppsveiflu hafa stærra íbúðir fylgt eftir síðar. „Þetta hefur byrjað í smáu og eftir að hagur heimilanna vænkast og fleiri hafa efni á því að búa stærra, þá fylgir eftirspurnin þar á eftir,“ segir Ingólfur. saeunn@frettabladid.is



Minni áhugi er á stærra húsum en fyrir hrun. Ástæða þess er meðal annars að fólk þarf að tefla fram mun meira eigin fé í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Stór hús fá litið vægi


Lokaverkefni Jóhanns Sigurðssonar arkitekts til MBA-prófs við Háskóla Íslands er að rannsaka þarfir og forgangsröðun fólks þegar kemur að íbúðarhúsnæði. Í spurningakönnun bað hann fólk að forgangsráða eftir mikilvægi fritíma, stóru íbúðarhúsnæði og fjárhagslegu svigrúmi. Þar fékk stórt íbúðarhúsnæði aðeins 0,7 prósent atkvæða í fyrsta sæti.

Fjárhagslegt svigrúm fékk 54 prósent atkvæða og fritími 45 prósent. Þetta átti við um alla aldurshópa en alveg sérstaklega hjá fólki 24 til 34 ára.

430 manns tóku þátt í rannsókninni. Jóhann segir að það sem

lesa megir úr þessari könnun sé að mikil vöntun sé á minni íbúðum og að þær íbúðir sem eru í sölu séu mun stærra en yngri hópar kjósa. „Það þarf að kanna þarfirnar til að einstakir hópar verði ekki út undan eins og nú hefur orðið. Það er ekki bara fólkið en líka eldri hópar og tekjuháir sem segjast vilja búa í minni íbúðum,“ segir Jóhann. „Þessi kynslóð leggur meira upp úr upplifun og minna upp úr efnislegum gæðum en fyrri kynslóðir. Hún vill ekki láta skammta sér gæði. Hún er tilbúin að sætta sig við minna en vill fá að velja sjálf hvaða gæði hún fær.“

## Próun fermetraverðs á höfuðborgarsvæðinu eftir stærð



Skin Blossom eru margverðlaunaðar lífrænt- og veganvottaðar húðvörur.

Innihalda ekki paraben, sílikon, tilbúin litar/ilmefni eða önnur skaðleg efni.



Fást í Heilsuveri Suðurlandsbraut 22, á Heimkaup.is og í Akureyrarapóteki Kaupangi.

Facebook: Skin Blossom á Íslandi.

# Rússlandsforseti ætlar til Parísar

**RÚSSLAND** Vladimir Pútín Rússlandsforseti tekur þátt í loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin verður í París dagana 30. nóvember til 11. desember næstkomandi.

Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands, staðfesti þetta í gær.

Pútín mun hitta þar bæði Barack Obama Bandaríkjaforseta og Xi Jinping, forseta Kína, auk fjölmargra annarra þjóðarleiðtoga.

Fyrirkomulagið á ráðstefnunni verður frábrugðið fyrri ráðstefnum þar sem þjóðarleiðtogar hafa ekki komið fyrr en undir lokin, þegar undirsátar þeirra hafa fundað dögum saman. Í þetta skiptið koma þeir strax í byrjun viðræðna, sem þykir auka líkurnar á því að samkomulag takist að þessu sinni.

Rússland hefur þarna mikilvægu hlutverki að gegna vegna þess hve fyrirferðarmikið landið er í olíuframléiðslu heimsins.

Markmiðið er að ná samkomulagi sem tryggir að dregið verði úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.



Vladimir Pútín Rússlandsforseti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


Vegna þess hve illa hefur gengið að ná samkomulagi á mörgum fyrri ráðstefnum þykir orðið of seint að stefna að því marki, að hitastig andrúmslofts jarðar hækki ekki meira en 2 gráður. Þess í stað er nú stefnt að því að setja markið við 2,7 gráður. –gb

# 2,7

gráður á Celsius er markið sem nú er miðað við í stað tveggja gráða áður.

**TOYO TIRES**  
driven to perform

# Nú er Toyo í kortunum!



Heimild: vedur.is, föstudaginn 06.11.2015. Spákort kl. 06.00



**BETRA GRIP ÁN NAGLA!**  
TOYO TIRES  
driven to perform

## Veldu öryggi!

Snögg umskipti er eitt helsta einkenni íslenskrar veðráttu, með tilheyrandi breytingum á færð og öryggi í umferðinni. Þökk sé veðurfræðingum okkar getum við brugðist við þessum aðstæðum í tíma með réttum dekkjum.

Nú eru umhleyplingar, snjócoma og hálsa í kortunum víða um land og því bendum við á að það er akkúrat veður fyrir Toyo harðskeljadekk.

Veldu öryggi með Toyo harðskeljadekkjum.



Söluaðilar um land allt

**Bil- og Benna**  
590 2045 | BENNI.IS

Tangarhöfði 15  
110 Reykjavík  
590 2045

Grjótháls 10  
110 Reykjavík  
561 4210

Fiskislóð 30  
101 Reykjavík  
561 4110

Lyngási 8  
210 Garðabæ  
565 8600

Njarðarbraut 9  
260 Reykjanesbæ  
420 3333

**NESDEKK**

# Prestur segir sóknargjöld nýtt án leyfis

Um 175 milljónir af félagsgjöldum meðlima Þjóðkirkjunnar voru nýttar til á biskupstofu og í laun presta án lagaheimildar sagði séra Geir Waage á Kirkjuþingi. Var gert til að koma í veg fyrir fækkun starfsmanna. Framkvæmdinni verður hætt.

**STJÓRNSÝSLA** Séra Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, sagði á Kirkjuþingi í október að fjármunir sókna í landinu hefðu verið „teknir í nokkuð stórum stíl á undanföllum árum til að launa presta og til þess að greiða ýmsan kostnað á biskupsstofu,“ eins og Geir orðaði það.

Geir vísaði til Jöfnunarsjóðs sókna. Í hann rennur hluti sóknargjalda sem meðlimir Þjóðkirkjunnar greiða til sinna söfnuða. Kom fram í máli Geirs að á tímabilinu eftir hrun hefðu samtals runnið 175 milljónir króna úr jöfnunarsjóðnum til Biskupsstofu. Það sagði Geir óheimilt samkvæmt lögum og reglugerðum. Það hafi þó verið gert vegna hagræðingar-kröfu ríkisins á hendur Þjóðkirkjunni, sem eftir hrun hefur ekki fengið fullt afgangið samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi. Því afgangi er ætlað að standa undir launum presta og starfsmanna á Biskupsstofu.

„Og menn spyrja sig vitaskuld; hvert hafa þessar greiðslur runnið þaðan og til hvaða verkefna?“ sagði Geir. „Jafnvel þó að um einhvers konar neyðarástæður hafi verið ræða vegna peningaástandsins í kirkjunni í kjölfar hrunsins þá verðum við að breyta þessu strax og ekki síðar en nú, hér á þessu þingi, því þetta gengur ekki.“

Geir undirstrikaði að lögin leyfðu ekki að peningum jöfnunarsjóðs væri ráðstafað í annað en í þágu sóknanna og starfsemi þeirra. „Það er hvergi nokkurs staðar opnuð leið í lögunum eða reglugerðinni til þess að taka fé úr þessum sjóði til þess að kosta prestsþjónustu eða til annars kostnaðar heldur en einhverrar umsýslu sjóðsins á Biskupsstofu,“ sagði Geir.

Séra Gísli Gunnarsson, sem situr í fjárhagsnefnd Kirkjuþings, svaraði Geir og sagði alveg ljóst að frá hrúni hefði þurft að fjármagna rekstur Þjóðkirkjunnar á dálitið annan hátt en fyrir hrun. Eina leiðin sem hefði verið fær til að brúa bilið á þeim tekjulið sem Biskupsstofa og Þjóðkirkjan heyrir undir á fjárlögum hafi verið farin með samþykki Kirkjuþings og með samþykki ríkisendurskoðunar. „Það var að taka fé úr jöfnunarsjóði, taka fé úr Kirkjumálasjóði og selja eignir,“ skýrði séra Gísli.

Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar Kirkjuþings, tók í svipadán streng og Gísli Gunnarson. „Við getum sjálfsagt gert ágreining um það hvort það hafi verið rétt

## Hlutverk jöfnunarsjóðs

**A** Að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur.

**B** Að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmæltar tekjur skv. 2. gr. laga þessara nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests og að fenginni umsögn héraðsnefndar.

**C** Að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum.

**D** Að styrkja kirkjulega félags- og menningarstarfsemi.

Úr lögum um sóknargjöld.

Ég treysti því að nú veitist kirkjuráðinu ráðrúm til að verja eftirleiðis fé til verkefna í samræmi við heimildir í lögum.

Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti



ákvörðun eða ekki en hún var alla vega gerð til þess að forða því að fækka starfsmönnum meira en orðið hefur,“ útskýrði Gísli sem dró í efa fullyrðingu Geirs um að þessi aðferð væri ekki í samræmi við lög og reglur.

„Allavega var sá gjörningur í það minnsta samþykktur af Kirkjuþingi og þeir ársreikningar sem gerðir hafa verið upp á þessu tímabili hafa nú verið áritaðir af ríkisendurskoðun þannig að ég tel nú hæpið að tala um kannski lögbrot en þetta er auðvitað ekki mitt svið svo sem að túlka það í smáatriðum,“ sagði Gísli Jónasson.

Þegar upplýst var að kirkjurád Þjóðkirkjunnar hefði samþykkt í sumar að ekki yrði fært frekara fé milli sjóða og að fengnum svörum Gíslanna tveggja kvaðst Geir vera sáttur.

„Og ég treysti því að nú veitist kirkjuráðinu ráðrúm til að verja eftirleiðis fé til verkefna í samræmi við heimildir í lögum,“ sagði sóknarpresturinn í Reykholti við lok umræðna um fjármál Þjóðkirkjunnar. gar@frettabladid.is

## Búin að kjósa



Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar á Búrma, tekur við blómum úr hendi stuðningsmanns. Hún heimsótti kjördæmi sitt eftir að hafa greitt atkvæði í þingkosningunum í landinu, þeim fyrstu í aldarfjórðung. Niðurstaðna er vænst í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Alvarlegur lúsafaraldur

**NOREGUR** Norska matvælastofnunin segir stjórnendur laxeldiskvía í Nordmøre í Noregi hafa misst stjórn á aðstæðum. Í sumum kvíum sé magn lúsa sem herja á fiskinn 20 sinnum meira en stofnunin samþykkir.

Astandið þykir sérlega alvarlegt þar sem vandinn hafi verið mikill um langt skeið. Ekki hafi tekist að vinna bug á honum.

Matvælastofnunin norska hefur varað við að hún muni krefjast þess að 1,3 milljónum laxa verði á næstunni slátrað í tveimur kvíum við Kornstad og Leite. – ibs

## Nemendur vilja láta halda sér við efnið

**MENNTAMÁL** Framhaldsskólarnemendur vilja fjölbreytt námsumhverfi, meiri sveigjanleika og brjóta upp gömlu skólastofuna sem þeir hafa setið í frá sex ára aldri.

Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Önnu Kristínar Sigurðardóttur sem hún gerði um námsumhverfi framhaldsskólanna. 56 nemendur voru spurðir hvað þeim fyndist ákjósanlegt umhverfi til náms og hvaða möguleika þeir hefðu til áhrifa á námsaðstæður sínar.

Helstu niðurstöður eru að framhaldsskólarnemendur vilja hafa umhverfi sitt á allt annan veg en

það er í allflestum framhaldsskólum í dag.

„Í fyrsta lagi eru nemendur ekki spurðir álits en þeir vilja gjarnan hafa meira til málanna að leggja. Í öðru lagi kjósa þeir námsumhverfi þar sem þeir geta setið í hópum án þess að hópavinnu sé þröngvað upp á þá. Þeir kjósa síður námsumhverfi sem er í föstum skorðum eða innrammað, eins og í hefðbundnum skólastofum,“ segir Anna Kristín.

Aðspurð hvort einbeiting nemenda verði ekki minni ef þeir fá slíkt frelsi segir Anna Kristín nemendur þvert á móti vilja meiri ramma með breyttu umhverfi. „Í stórum stofum

Þeir kjósa síður námsumhverfi sem er í föstum skorðum eða innrammað, eins og í hefðbundnum skólastofum.

Anna Kristín Sigurðardóttir, menntunarfræðingur



og fyrirlestrasölum geta nemendur lokað sig af úti í horni, farið á netið eða sofnað. Nemendurnir vilja einmitt meiri aga og ramma sem heldur þeim við efnið, þeim fannst breytt fyrirkomulag bjóða upp á það. Þeir voru alls ekki að biðja um umhverfi þar sem þeir geta slegið slöku við.“

Nýir framhaldsskólar hafa verið byggðir eftir hugmyndafræði um opna skóla. Anna Kristín bendir á að eldri skólar geti brotið upp umhverfið með nýjum kennsluháttum, líkt og margir grunnskólar hafa gert. „En hefðin er afar sterk í þessum málum,“ segir hún. –ebg

# LEIÐIN AÐ EINFALDARI FJÁRMÖGNUN



## Við fjármögnum kröfur og bætum sjóðstreymið

Faktoría er framsækið fjármálafyrirtæki sem skapar ný tækifæri í fjármögnun fyrirtækja og liðkar fyrir rekstri þeirra með betra fjárstreymi. Við auðveldum fjármögnun í gegnum útistandandi viðskiptakröfur sem minnkar óvissu um greiðsluflæði og gerir reksturinn þægilegri.

Nánari upplýsingar á [faktorია.is](http://faktorია.is)



# Þúsundir sóttar til Sharm el-Sheikh

Fjölmargir ferðamenn eru strandaglópar á Sínaískaga. Öryggismál á flugvælinum í Sharm el-Sheikh sögð hafa verið í ólestri. Mikil reiði í Rússlandi í garð franska skoptimaritsins Charlie Hebdo, sem gerði grín að flughrapinu í hefti sínu. ÍSIS hefur lýst ábyrgð á árásinni.

**EGYPTALAND** Flestir virðast nú komnir á þá skoðun að sprengja hafi grandað rússnesku farþegaþotunni, sem hrapaði á Sínaískaga fyrir rúmlega viku.

Egypsku sérfræðingarnir, sem hafa unnið að rannsókn hrapans, segjast vera orðnir 90 prósent öruggir um að sprengja hafi orsak að það.

Rannsóknin beinist nú að hljóðupptöku frá síðustu sekúndum flugsins, og hafa meðal annars sérfræðingar frá bandarísku alríkislögreglunni, FBI, verið fengnir til þess að skoða upptökuna. Rússneskir sérfræðingar hafa einnig haldið til Egyptalands til að taka þátt í rannsókninni.

Flugvélin, sem var af gerðinni Airbus A321, hrapaði skyndilega 23 mínútum eftir flugtak frá ferðamannabænum Sharm el-Sheikh, sem er syðst á Sínaískaga. Um borð voru 224 manns, flestir Rússar, og fórust þeir allir.

Fjölmennar minningarathafnir hafa verið haldnar í Rússlandi og ríkir þar þjóðarsorg vegna atburðarins.

Vitni sögðu vélina hafa brotnað í sundur áður en hún hrapaði og á upptökunni má greina hljóð, sem virðist vera sprengjuhljóð, örstuttu áður en vélin hrapaði.

Liðsmenn öfgasamtakanna Íslamskt ríki hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni, en í fyrstu þótti yfirlýsing þeirra ekki trúverðug.

Öryggismálum á flugvælinum í Sharm el-Sheikh þykir ábótavant, en athyglin hefur einnig beinst að flugvöllum víðar í löndum þar sem öfgahópar vaða uppi.

Öryggiseftirlit á flugvælinum í Sharm el-Sheikh er sagt meingallað, þannig að auðvelt sé að koma óleyfilegum farangri um borð.

Fjölmargir ferðamenn eru strandaglópar í Sharm el-Sheikh eftir að Rússar, Bretar og fleiri þjóðir hættu flugi þangað af öryggisástæðum í kjölfar þess að rússneska vélin hrapaði.

Nú um helgina hófu Rússar að senda flugvélar til Sharm el-Sheikh til þess að ná í rússneska ferðalanga þar. Alls voru 80 þúsund rússneskir ferðamenn þar og er meiningin að koma þeim öllum burt innan nokkurra daga. Á einum sólarhring voru 11 þúsund farþegar fluttir heim til Rússlands nú um helgina.

Þá eru Bretar einnig byrjaðir að senda flugvélar til að ná í 20 þúsund breska ferðamenn þangað, en stefnt er að því að þeir verði allir komnir til Bretlands innan tíu daga.

Þá hefur mörgum Rússum sárnað skopmyndir í nýjasta hefti franska tímaritsins Charlie Hebdo, þar sem gert er grín að flughrapinu. Margir Rússar hafa af þessu tilefni sent skilaboð á Twitter með yfirlýsingu: „Ég er ekki Charlie.“  
gudsteinn@frettabladid.is



Ferðafólk í Sharm el-Sheikh notfærir sér afþreyingarmöguleika meðan beðið er eftir flugvélum til að flytja það heim. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## 224

fórust með rússnesku farþegaflugvélinni á Sínaískaga laugardaginn 31. október

## Spar á krónurnar – örlátur á kílómetrana.



**UPPFÆRSLUBÓNUS  
VOLKSWAGEN  
+120.000 kr.**

Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, gengur bæði fyrir metani og bensíni og kemur þér allt að 1.300 km á áfyllingunni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

**Golf Variant Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**

**3.190.000 kr.**

Sjálfskiptur: **3.390.000 kr.**



**Das Auto.**

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Samsung  SUHD TV<sup>4K</sup>

# Besta sjónvarpið?

Samsung UE55JS9005 hlaut hæstu heildareinkun í gæðakönnun Neytendablaðsins og ICRT, sem eru óháð alþjóðleg samtök rannsókna og prófana. Niðurstöður þessarar könnunar voru að 24 af 25 bestu sjónvörpum í stærðum 47" til 55" voru frá Samsung, skv. frétt Viðskiptablaðsins 24. september sl. <http://vb.is/frettir/samsung-med-mikla-yfirburdi-i-gaedakonnun-neytendabladisins/121050/>



**24/25**  
Bestu sjónvörpin  
skv. Neytendablaðinu 24.09.15 og ICRT

**Bestst  
i test**

UE55JS9005

1



FYRSTA SUHD sjónvarpið kemur frá Samsung

2.5



Myndin er 2.5 sinnum bjartari en í venjulegum sjónvörpum

64



Quantum litatæknin gefur 64 sinnum fleiri liti en í venjulegum sjónvörpum

88



Samsung býður þrjár nýjar línur af SUHD sjónvörpum frá 48" til 88"

# SAMSUNG

## SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · [ormsson.is/samsungsetrid](http://ormsson.is/samsungsetrid)

# Þrettán milljónir króna renna til hjálparstarfs á Grikklandi

**HJÁLPARSTARF** Rauði krossinn á Íslandi hefur ákveðið að veita 13 milljónir króna til að fjármagna áriðandi hjálparaðgerðir vegna neyðarástands á Grikklandi og svara með því kalli Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Hjálparaðgerðirnar fela meðal annars í sér heilbrigðis- og mataraðstoð, dreifingu hreinlætisþakka og aðstoð

við að koma flóttafólki í samband við ættingja og ástvíni.

Um 600 þúsund hafa flúið til Grikklands á árinu og hefur straumurinn aukist sérstaklega síðustu þrjá mánuði. Þannig hafa yfir 300 þúsund manns komið til eyjunnar Lesbos, þar af um þriðjungur í október síðastliðnum, en eyjan er aðeins um tveir ferkilómetrar að stærð.

Starfsfólk og sjálfbodaliðar gríska Rauða krossins hafa undanfarna mánuði komið hjálpargögnum til þeirra sem á þeim þurfa að halda en sökum gríðarlegs álags undanfarna mánuði er fjárhagslegt bolmagn gríska Rauða krossins takmarkað og þarfnast hann því fjárhagsaðstoðar frá öðrum landsfélögum. Rauði krossinn á Íslandi sendi á dögunum,

## 300

þúsund flóttamenn hafa komið til eyjunnar Lesbos sem er um tveir ferkilómetrar að stærð.

í fyrsta sinn á þessari öld, sendifulltrúa á vettvang til lands innan Evrópu þegar Páll Biering, dósent í geðhjúkrunarfræði, hélt til flóttamannabúða norska Rauða krossins við landamæri Makedóníu. Auk þess að sinna þar sálfélagslegum stuðningi flóttafólks starfar hann við að þjálfa gríska sjálfbodaliða til þess að veita slíkan stuðning. – gló

## Óléttum neitað um skólagöngu

**SIERRA LEÓNE** Þúsundir skólastúlkna í Sierra Leóne í Afríku eiga nú á að hættu að dragast aftur úr í námi, að því er kemur fram í skýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International.

Árið 2010 var óléttum stúlkum bannað að ganga í skóla þar sem þær kynnu að hafa slæm áhrif á aðrar skólastúlkur. Þegar skólarnir, sem var lokað í fyrrasumar vegna ebulufaraldursins, voru opnaðir á ný síðastliðið vor tilkynntu yfirvöld að bannið væri enn í gildi. Þegar faraldurinn gekk yfir urðu fleiri táningsstúlkur óléttar, meðal annars vegna nauðgana, skorts á getnaðarvörnum og ráðgjafar.

Nýlega hafa verið opnaðir sérstakir skólar fyrir óléttar nemendur. Amnesty International hvetur yfirvöld til að breyta stefnu sinni. – íbs



Vikulega verða í boði 750 sæti fyrir farþega til Tenerife.

## Tvöfalt fleiri ferðir verða farnar til Tenerife

**FERÐALÖG** Í byrjun næsta árs verður pláss fyrir 750 farþega í viku til Tenerife og 550 til Kanaríeyja. Um er að ræða um tvöfalt meira framboð á ferðum en á sama tíma í ár.

Aukninguna má rekja til þess að 200 sæta þota á vegum flugfélagsins WOW hefur frá því í mars flogið alla laugardaga til Tenerife. Eftir áramót bæstast við ferðir á þriðjudögum. Því verða vikulega í boði 750 sæti til Tenerife og þar af 400 á vegum WOW. – gló



Á Höfn er húsnæðisskortur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Byggja kannski leiguíbúðir

**HORNAFJÖRÐUR** „Ljóst er að húsnæðisskortur er á svæðinu og staðan alvarleg,“ segir í fundargerð bæjarstjórnar Hornafjarðar sem á fimmtudag ræddi um skýrslu félagsmálastjóra sveitarfélagsins um húsnæðismarkaðinn.

„Aðgerðir sveitarfélagsins, til dæmis niðurfelling gatnagerðargjalda, hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Í skoðun eru möguleikar á byggingu leiguíbúða,“ segir bæjarstjórnin. – gar



Lögreglan sinnti áður árekstrum þar sem ekki verða slys á fólki en ekki lengur. Þjónustan er nú í höndum Aðstoðar og Öryggis, fyrirtækis sem á allt sitt undir tryggingafélögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Marklausar skýrslur notaðar til að hafna kröfum um bætur

Dómstólar hafa ítrekað hafnað gildi skýrslna sem tryggingarfélagin nota til að rökstyðja höfnun um bætur eftir umferðarslys. Skýrslurnar eru unnar af fyrirtæki sem gefur sig út fyrir að aðstoða tjónþola.

**NEYTENDUR** Fjögur stærstu tryggingafélög landsins styðjast öll við svokallaðar PC crash-skýrslur til að hafna bótaþrófu vegna líkamstjóns eftir árekstur. Hæstiréttur og héraðsdómar hafa ítrekað vísað gildi skýrslanna á bug, meðal annars vegna þess að þeirra er aflað einhliða af tryggingarfélagunum. Notkun þeirra hefur þrátt fyrir það ekki verið hætt hjá félögnum.

Þann 19. október síðastliðinn féll í Héraðsdómi Reykjavíkur enn einn dómurinn þar sem meðal annars reyndi á hvort PC crash-skýrsla Sjóvárgilti fyrir dómi. Þar kom fram að skýrslurnar tvær, PC crash-skýrslan og rannsóknarskýrsla unnin af fyrirtækinu Aðstoð og Öryggi, gætu ekki trompað matsgerð lækni um líkamstjón farþegans sem um ræddi.

Í janúar árið 2014 lagði Tryggingamiðstöðin fram fyrir dómi PC crash-skýrslu, unna af Aðstoð og Öryggi, sem sanna átti að sá sem fór fram á bætur eftir slys hefði ekið á ofsahraða. Í niðurstöðu dómsins segir: „Samkvæmt álitsgerðinni leiddi sú athugun í ljós að hraði bifreiðarinnar hafi verið 120 km/klst. er hún fór út af veginum. Ekki kemur glögg fram á hvaða forsendum sú niðurstaða er byggð og er það mat dómsins að varhugavert sé að leggja hana til grundvallar sönnun um ökuhraða bifreiðarinnar.“

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er hætt að sinna minniháttar

árekstrum og umferðaróhöppum. Þess í stað er fólki bent á að hafa samband við fyrirtækið Aðstoð og Öryggi, en fyrirtækið gengur jafnan undir nafninu árekstur.is.

Á heimasíðu Aðstoðar og Öryggis segir að fyrirtækið sé „sérhæft þjónustufyrirtæki sem annist vettvangsrannsóknir umferðaróhoppa á hlutlausan hátt.“ Þá segir í kynningarmyndbandi fyrirtækisins: „Þjónustan tryggir réttláta og fljótvirka afgreiðslu tjóna fyrir tryggingarfélag og viðskiptavinum þeirra.“

Árekstur.is mætir á vettvang umferðarslyss og aðstoðar við frágang tjónaskýrslu auk þess sem tekur eru myndir af vettvangi og bílnum sem um ræðir. Skýrsla er svo send strax til viðkomandi tryggingarfélags. Þjónustan er tjónþola að kostnaðarlausu vegna þess að það eru tryggingafélögin sem greiða Aðstoð og Öryggi fyrir þjónustuna. Fyrirtækið er þar með í raun viðskiptavinur tryggingarfélaganna, en ekki tjónþola.


Stýrmir Gunnarsson, lögmaður á Landslögum, hefur farið með mál þar sem reynir á gildi skýrslanna fyrir dóm. „Það sem er svo mikilvægt að átta sig á er að PC crash-skýrsla er ekki sönnunargagn um það hvort einhver hafi orðið fyrir líkamstjóni við umferðaróhopp eða árekstur. Tryggingarfélagin hafa í mörg ár stuðst við þessa útreikninga í þeim tilgangi að telja fólki trú um að áreksturinn sem það lenti í sé þess eðlis að það

## Hvað eru PC crash-skýrslur?

PC crash er forrit að danskri fyrirmynd sem er ætlað að reikna út höggþunga við slys. Inn í flókna formúluna er meðal annars sett inn þyngd ökutækis, þyngd ökumanna og borið saman sjáanlegt tjón á ökutækjum. Forritið tekur einnig inn í útreikningana ABS hemlakerfi og VSA stöðugleikastýringu ef ökutæki hefur þann búnað. Þá skiptir máli framburður ökumanna um akstursstefnu og háttalag við akstur. Sá hraði sem ökuður segist hafa verið á er ekki tekinn til greina, nema hann segist hafa verið kyrrstæður þegar árekstur verður.

## Fjöldi umferðarslysa\*

\*skv. tölum Umferðarstofu



geti ekki hafa orðið fyrir varanlegu líkamstjóni. Í ljósi þess hve lengi og mikið félögin nota þessa aðferð er líklegt að þetta sé að skila þeim tilsettum árangri og fólk veigri sér frá því að halda kröfum sínum á lofti. Það kemur ekkert á óvart enda virkar framsetning á þessum gögnum mjög fagmannlega unnin.“

**Tryggingarfélagin hafa í mörg ár stuðst við þessa útreikninga í þeim tilgangi að telja fólki trú um að áreksturinn sem það lenti í sé þess eðlis að það geti ekki hafa orðið fyrir varanlegu líkamstjóni.**

Stýrmir Gunnarsson héraðsdómslögmaður



Hann segir mikilvægt að fólk leiti lækni ef það kennir sér meins eftir umferðaróhopp jafnvel þótt áreksturinn hafi verið tiltölulega vægur og ummerki á ökutækjum lítil.

Fréttablaðið leitaðist eftir svörum frá tryggingarfélagunum vegna þessa en án árangurs. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

# 16

## 2016

# Komdu með bílinn í skoðun áður en skammdegið skellur á

GÓÐ  
ÞJÓNUSTA  
OG HAGSTÆÐ  
KJÖR Á  
SKOÐUNUM

**FRÍTT** WI-FI, LJÚFFENG T GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR  
FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.



### Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tþónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þþjónustu. Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.

Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuþrófa á Íslandi.

Ökuþrófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir þrófstað á vefsíðu okkar [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)



**32**  
SKOÐUNAR-  
STÖÐVAR UM  
LAND ALLT



Sími: 570 9090 · Netfang: [frumherji@frumherji.is](mailto:frumherji@frumherji.is) · [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)



- örugg bifreiðaskoðun um allt land

# Haturberar



Fanney Birna Jónsdóttir  
fanney@frettabladid.is

**D**repa þessa múslima. Þetta er eins og kakkalakkur þegar þetta kemst inn í landið. Þau vilja ráða yfir öllum löndum sem þeir koma inn í. Drepa þetta í fæðingu. Enga fokking múslima kirkju á Íslandi.“ Svo hljóðar athugasemd við frétt Vísis frá 1. júní á þessu ári þar sem fjallað var um byggingu mosku í Sogamýri.

Helgarblað Fréttablaðsins fjallaði um hatursglæpi, öfgahreyfingar og kynþáttahyggju þar sem meðal annars kom fram að frá og með 15. janúar næstkomandi verður til ný staða lögreglumanns í hatursglæpum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Sá mun leitast við að kortleggja slíka starfsemi, mynda tengsl við slíka hópa og annað þess háttar.

Astædan er uppgangur öfgahreyfinga í nágrennalöndum okkar. Í samtali við Fréttablaðið segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar, að það sem gerist í nágrennalöndum okkar geti allt eins gerst hér. Og ástandið þar er hreint ekki til fyrirmyndar í þessum efnunum. Í síðasta mánuði var greint frá hrinu íkveikja í Svíþjóð þar sem eldur var lagður að húsum sem áttu að hýsa flóttamenn. Slíkar íkveikjur hafa haldið áfram. Á meðan Alda Hrönn vonar að starfsmaðurinn þurfi ekki að bregðast við slíkri glæpastarfsemi hér segir hún lögregluna verða að gera ráðstafanir og hafa tilbúna viðbragðsáætlun.

Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur segir kynþáttahyggju fyrirfinnast hér á landi og hafa gert í áraradír. Nú verður hennar helst vart í andstöðu við múslima. Hann segir jarðveginn frjóan fyrir slíkar skoðanir og að þörf sé á að hafa augun opin nú þegar aukinn fjöldi flóttamanna leitar til Evrópu. „Það eru alltaf einhverjir sem geta gengið lengra heldur en allir hinir sem taka þátt í umræðunni gera sér nokkru sinni grein fyrir. Það er þess vegna sem þeir sem standa framarlega í umræðu bera ábyrgð á því hvernig þeir flytja mál sitt,“ segir Eiríkur.

Málið er ósköp einfalt. Það er óumdeilt að hér á landi finnst fólk sem ber í brjósti óskiljanlegt hatur í garð þeirra samborgara sinna sem eru af öðru litarhafti, aðhyllast önnur trúarbrögð, laðast að sama kyni eða eru á einhvern annan hátt frábrugðnir hvítum meðalmanni í úthverfi sem mætir stundvíslega til messu á hverjum sunnudegi. Það þarf ekki nema nokkurra mínútna leit í skólpræsum kommentakerfa netsins til þess að finna ummerki um þessa einstaklinga þar sem þeir hafa – eins og hryðjuverkamennirnir sem þeir sjá flestir í hverju horni – laumast inn í umræðu, sprengt hana í loft upp með forheimsku sinni og fordómum og þannig eyðilagt alla vitiborna umræðu.

Þegar og ef þessir vesalingar ákveða að orðum skuli fylgja efndir þarf að bregðast hart við, grípa til aðgerða og koma þessum greyjum í skilning um að slík hegðun verði ekki liðin á Íslandi á 21. öldinni.

Það þarf ekki nema nokkra mínútna leit í skólpræsum kommentakerfa netsins til að finna ummerki um þessa einstaklinga,

## Halldór



## Frá degi til dags

**Hulduherinn gefur sig fram**  
Vigdís Hauksdóttir kvartaði undan þjóðfélagsmæðunni á mbl.is og sagði ósýnilegan her stunda árásir gegn sér á netinu. Ekki ósvipuð yfirlýsing og hún lét falla í föstudagsviðtali Fréttablaðsins nýverið. Árásirnar fælust í því að stimpla hana heimsku. „Það er munstur í þessum árásum eins og það er munstur í heimilisofbeldi og hjá alkóhólistum,“ hefur mbl.is eftir henni og segir hún að landsþekkt fólk, sem hún vill ekki nefna opinberlega, standi á bak við þetta. Þessu deilir Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, og spyr: „Er búið að setja mig af sem hershöfðingja hulduhersins?“ Margir frammamenn í VG, í hulduhernum, láta sér líka við færslu Svandísar.

**Misnotaðir fjölmiðlar**  
Gunnar „í Krossinum“ Þorsteinsson gerir líka óvægna fjölmiðla-umfjöllun að umtalsefni í internet-predikun sinni á föstudag. „Við höfum orðið vör við það að oftlega eru fjölmiðlar notaðir til að draga upp ranga mynd af mönnum og málefnum.“ Hann sagði sibrotablaðamenn komast upp með að halda vinnu sinni áfram þrátt fyrir meiyrdadóma. Það er ekki úr vegi að leggja til að Gunnar og Vigdís stilli saman strengi sína og svipti hulunni af þessum hulduher réttshugsunarinnar sem gefur þeim, guðsmanni og framsóknarkonu, ekki vinnufríð. snaeros@frettabladid.is

## Sjúkt samband



Elsa Lára Arnardóttir



Silja Dögg Gunnarsdóttir

**Þ**að er verðbólga sem er vandamálið, ekki verðtryggingin. Sér í lagi þegar verðbólgunni er haldið í skefjum. Þessi orð heyrast ávallt þegar rætt er um afnám verðtryggingar. Menn óttast að ef verðtryggð lán verði bönnuð þá sitji neytendur eftir með óverðtryggð lán á okurvöxtum. Standast þessi rök skoðun? Er ástæða til að óttast afnám verðtryggingar?

Flestir eru sammála um að verðtryggð neytendalán séu ekki siðleg viðskiptaaðferð. Það virðist ekki vera almenn þekking hjá lántakendum verðtryggðra lána að verðbætti hlutinn sé falid lán sem leggst við höfuðstólinn um hver mánaðamót. Því eru neytendur ómeðvitaðir um áhættuna sem í lántökunni felst. Þess vegna ættu verðtryggð lán aðeins að vera í boði fyrir atvinnufjárfesta og aðra með sérþekkingu á fjármálum.

Verðtryggingin viðheldur háum vöxtum þar sem neytendur eru leiksoppar í blekkingarleik fjármálafrirtækja. Í óverðtryggðu umhverfi geta komið verðbóluskot en bankar vita að þeir verða að taka hluta af skotinu á sig sjálfir, annars verða mikil vanskil. Þegar lán verða almennt orðin óverðtryggð mun peningastefnan (stýrivaxtatekið) virka miklu betur en nú. Gera má ráð fyrir að 0,1% hækkun stýrivaxta muni skila sömu áhrifum og 1% hækkun gerir í dag. Stýrivextir gætu því verið lægri, óverðtryggð lán verða raunhæfur kostur og hagar heimilanna batnar.

Eitt af stóru kosningamálum vorið 2013 var afnám verðtryggingarinnar af neytendalánum. Þingmenn Framsóknar töluðu fyrir afnám og lofuðu að beita sér fyrir því ef þeir fengu umboð kjósenda. Flokkurinn vann stórsigur og nú er komið að efnunum. Skýrsla sérfræðihópsins um afnám verðtryggingar af neytendalánum var birt í lok janúar 2014. Meirihluti sérfræðihópsins lagði til að frá og með 1. janúar 2015 yrðu stigin veigamikil skref í átt að fullu afnámi verðtryggingar nýrra neytendalána, en vinna við áætlun um fullt afnám yrði hafin eigi síðar en á árinu 2016.

Sjúku sambandi okurvaxtastefnu og verðtryggingar verður að ljúka. Börnin þeirra, heimili landsins, eru stöðugt undir slævandi áhrifum til að lifa af í þessu firtra umhverfi. Heimili landsins eiga betra skilið.

HARPA

Gleði og  
**FRÍÐARJÓL**

Jólatónleikar Pálma Gunnarssonar  
ásamt Ragnheiði Gröndal í Eldborg Hörpu  
19. desember kl. 21:00

Miðasala á harpa.is, tix.is og í síma 528 5050

DÆGURFLUGAN

# Þegar við hugsum um Parísarráðstefnuna

Í DAG



Guðmundur  
Andri Thorsson  
rithöfundur

Úrtölumenn í loftslagsmálum hafa í málgögnum sínum hrundið af stað umræðu um ógnvænlegan fjölda fulltrúa frá Reykjavíkurborg á væntanlega loftslagsráðstefnu í París. Ýmsir hafa stokkið á vandlættingarvagninn. Umræðan er orðin gamalkunnugt tuð um „brúð“ og „sama rass“ og „eitthvað mætti nú malbika fyrir allan þennan pening...“ Svipuð umræða átti sér stað hér fyrir loftslagsráðstefnuna í Ríó árið 1992.

## Heldur borgarfulltrúa en ...

Önsu þessu ekki. Síð af öllu eigum við að leggja eyrun við því sem úrtölumenn í loftslagsmálum segja. Þeir hafa ekkert fram að færa annað en vífilengjur og útúrnsúninga, sem flestir koma frá dönskum reikningshaus sem

heitir Björn Lomborg og hefur reiknað það látaust út að ekkert þurfi að gera. Fyrst sögðu þeir að engin loftslagshlýnun á Jörðinni væri í gangi – „ég myndi nú alveg þiggja smá hlýnun ho ho ho“; því næst fengum við að heyra að hlýnun væri að vísu í gangi en hún væri bara fin, að minnsta kosti fyrir okkur hér á norðurhveli; svo var ekki lengur hægt að afneita slæmum afleiðingum hlýnunar, en skuldinni skellt á eldgos og vindgang kúa; engin ástæða til að breyta neinu í lífsháttum. Nú yppa þeir öxlum og segja að allt sé hvort sem er um seinan og að ekki taki því að verja fé í að breyta um orkugjafa á heimsvísu og keppist nú Lomborg við að reikna út hvernig því fé sé betur varið til annarra hluta en að breyta um orkugjafa.

Alltaf að ganga erinda olíufélaga og auðhringa þessir rangnefndu íhaldsmenn og talsmenn óhófs, eyðingar og sóunar, Lomborg og fulltrúar hans hér. Önsu þeim ekki. Styðjum heldur borgarfulltrúa en lomborgarfulltrúa.

Þegar við hugsum um Parísarráðstefnuna megum við ekki sjá fyrir okkur trallandi borgarfulltrúa í léttum úllala-filingi í opnum sportbil með vindinn í hárinu – eins það er nú alltaf freistandi að hneykslast og gaman að ímynda sér kjörna fulltrúa að gera sér glaðan dag á kostnað skattborgarans þrautpinda.

Sjáum heldur fyrir okkur það sem gæti gerst ef þjóðir heims ná ekki árangri í París.

## „Hættuleg röskun af mannavöldum“

Markmiðið er að koma í veg fyrir „hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum“, eins og segir í Rammasamningi loftslagsráðstefnunnar í Ríó de Janeiro frá árinu 1992. Seinna urðu menn ásáttir um að því markmiði yrði náð ef tækist að halda hlýnun andrúmsloftsins innan við 2°C að meðaltali á öldinni. Það er hægt, en aðeins með samstilltu átaki mannkyns. Annars verður illmögulegt að hindra stjórnlausar loftslagsbreytingar sem svo aftur stigmagna upp frekari losun á gróðurhúsalofttegundum; regnskógar Brasilíu verða að þurrum steppum, enda jafngildir eyðing skóga u.þ.b. 20 - 25% af losun koltvísýrings hvert ár, sem þá ekki binst. Túndrur norðursins þiðna og það mun leysa úr læðingi gríðarlegt magn metans sem er margfalt sterkari lofttegund en koltvísýringur. Ólíft verður víða vegna hita. Sjávarborð hækkar með þeim afleiðingum að heilu löndin fara undir vatn, til dæmis allt ræktarland Banglades, sem er eitt þéttbýlasta svæði heims; stíflur bresta með ægilegum afleiðingum, flóðum og hörmingum.

Flóttamannavandi heimsins þykir ærin um þessar mundir,



**Fái úrtölumenn enn að ráða ferð í viðbrögðum heimsins við loftslagsvánni lenda milljónir manna á vergangi í löndum sem verða nánast óbyggileg sökum þurrka og hita – eða flóða. Því fylgja styrjaldir og enn meiri óáran.**

og nær meira að segja hingað til lands; þar sem fögur fyrirheit hafa verið gefin um framlag Íslendinga til lausnar á vanda flóttafólks frá Sýrlandi – þó að fram til þessa sé raunar eina framlag okkar í því máli áform ríkisstjórnarinnar um að vísa úr landi ungum sýrlenskum hjónum með tvær litlar stúlkur.

Sýrlenskir flóttamenn eru ekki bara að flýja snaróða byssubandi á mála hjá okunnum öflum. Þar í landi hafa líka geisad miklir þurrkar sem valdið hafa átökum og gert svæði óbyggileg. Fái úrtölumenn enn að ráða ferð í viðbrögðum heimsins við loftslagsvánni lenda milljónir manna á vergangi í löndum sem verða nánast óbyggileg sökum þurrka og hita – eða flóða. Því fylgja styrjaldir og enn meiri óáran.

Sérstakt áhyggjuefni Íslendinga í þessu sambandi – eins og fyrirtækið

HB Grandi hefur þegar markað sér framsækna umhverfisstefnu út af – er súrnun sjávar sem hlýst af sívaxandi losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Hluti þessa magns binst í hafinu og hér norður frá er súrnunin tvöfalt hraðari en sunnar í Atlantshafinu. Hér kann skammur tími að vera til stefnu. Aukist magn gróðurhúsalofttegunda svo mikið að andrúmsloftið hlýni á bilinu 1,5–2°C geta loftslagsbreytingarnar gengið til baka en afleiðingar súrnunar fyrir lífríkið verða varanlegar og fiskimiðin hér við land heyra sögunni til.

Það var fagnaðarefni að forsætisráðherrann Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skyldi í ræðu-stól SP staðhæfa án fyrirvara að Íslendingar ætli að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir 2030. Í þessum efnum er mjög mikilvægt að segja satt. Reyndar kom aðstoðarmaður hans á harða-hlaupum í kjölfarið og sagði að hér hefði ráðherrann vísað til áforma ESB sem Íslendingar hyggist taka „sanngjarnan þátt í“. Vonandi sýna þær hulduhrútslegu eftirráskýringar ekki vilja stjórnvalda í þessu efni. Hér þurfum við í raun og veru stórhug. Og ekki þarf að fjölyrða um möguleika Íslands til að losa sig við oliuna.

Þegar við hugsum um Parísarráðstefnuna skulum við sjá fyrir okkur afleiðingarnar fyrir mannkyn og allt líf á Jörðinni ef samkomulag mistekst. Og svo skulum við hugsa: Hvað get ég gert?

## Landspítalanum áskapað að verða undir



Bolli Héðinsson  
hagfræðingur



**Vítahringurinn heldur áfram, Landspítalanum heldur áfram að hraka en einkaaðilar dafna, allt í boði okkar skattgreiðenda.**

Fullkomin sjúkrafestun opnar í Ármúla (Hótel Ísland) með öllum nýjustu tækjum og öllu starfsfólki svo vel höldnu að það hvarflar ekki að því að fara í verkfall. Á sama tíma dynur á Landspítalanum enn eitt verkfallið og tækjabúnaður er annaðhvort skammtaður aftímabundnu órlæti þingmanna eða ölmusugjöfum velunnara spítalans. Samt sækja bæði klínikin í Ármúlanum og Landspítalinn alla sína fjármuni í sama vasa, vasa skattgreiðenda. Hvernig má þetta vera?

## Hið rangsnúna kerfi

Svarið hefur legið lengi fyrir og vitað að svona myndi fara (<http://uni.hi.is/bh/>). Klínikin í Ármúlanum fær sérstaklega greitt frá ríkinu fyrir hvert viðvik en Landspítalinn þarf að búa við greiðslur ákvarðaðar einu sinni á ári á fjárlögum. Í fjáraukalögum sem nú liggja fyrir Alþingi er beiðni um viðbótarframlag upp á nokkra milljarða til sérfræðilæknaþjónustu utan sjúkrahúsa. Hluti þess framlags mun einmitt renna til klínikarinnar í Ármúla.

Landspítalinn aftur á móti fær ekki að „keppa“ um fjármagn úr ríkissjóði með sama hætti og klínikin. Á meðan svo er mun Landspítalinn alltaf tapa í þeirri samkeppni um skattfé almennings, sem smátt og smátt dregur úr spítalanum prótt.

## Landspítalinn „tapar“ á aukinni þjónustu

Ef senda þarf sjúklinga til útlanda í meðferð eða rannsóknir þá borgar ríkið það í gegnum Sjúkratryggingar Íslands. Yrði Landspítalanum falið að sjá fyrir sömu meðferð og rannsóknum hér á landi (sem getur sparað þjóðar-búinu stórar fjárhæðir svo ekki þurfi

að senda sjúklinga til útlanda) þýðir það bara viðbótarkostnað fyrir Landspítalanum. En hjá Sjúkratryggingum (sem þá sleppa við að borga ferðirnar til útlanda) er þetta hreinn sparnaður sem gefur auknið svigrúm til frekari greiðslna til stofa úti í bæ, svo öfugsnúið sem það kann að virðast. Vítahringurinn heldur áfram, Landspítalanum heldur áfram að hraka en einkaaðilar dafna, allt í boði okkar skattgreiðenda.

## „Engin stefnumótun í heilbrigðismálum“

Ofangreind tilvitnun er höfð eftir heilbrigðisráðherra á fundi sem eftir var til í september um íslenska heilbrigðiskerfið. Auk þess sagði hann skort á heildrænni yfirsýn og að engin raunveruleg stefnumótun til lengri tíma hafi átt sér stað. Það er vandséð að annar eins áfellingdómur hafi verið felldur um jafn mikilvægan málaflokk. Samt sem áður virðast þessi orð hafa farið fram hjá flestum fjölmiðlum, hvað þá að þingmenn eða aðrir hafi séð ástæðu til að taka þau upp og spyrja hvort hér verði ekki ráðin bót á.

Heilbrigðismál er sá málaflokkur sem síst þykir líklegur til vinsælda hjá stjórnmálamönnum. Þeir kinoka sér við að kynna sér rekstur heilbrigðisstofnana og álykta ranglega að allt megi bæta með auknum fjárframlögum. Vandí íslenska heilbrigðiskerfisins er miklu djúpstæðari og þar skapa mismunandi aðferðir við skiptingu á framlögum ríkisins til einkarekinna og opinberra heilbrigðisstofnana mestan vanda.




## Morgunverðarfundur Adobe Acrobat Document Cloud

Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 12. nóvember, kl. 08-10

**Þekkir þú alla möguleikana sem PDF býður upp á fyrir utan bara það að lesa og senda?**

Með Adobe Acrobat DC verður skjalaumsýsla auðveldari, öruggari og fjárhagslega hagkvæmari. Eftirlit með breytingum verður leikur einn sem og varanleg eyðing viðkvæmra upplýsinga í texta eða myndum úr skjölum (þær ekki bara faldar). **Rafrænar undirskriftir** og auðkenning verður öruggari með dulkóðuðum upplýsingum og uppruni skjala rekjanlegur. **AADC er fyrir lögfræðistofur, nefndir og stjórnir, hönnunar- og markaðsfyrirtæki, opinberar stofnanir, banka og auðvitað alls konar önnur fyrirtæki sem sýsla með PDF-skjöl.**



Eftir kynninguna er boðið upp fundi „MAÐUR Á MANN“ til að fá nákvæma útlistun á möguleikum fyrir hvern og einn.

**Möguleikarnir eru miklir. Verið velkomin.**

Morgunverður kostar kr. 2.800. Frítt er fyrir Creative Cloud viðskiptavini Hugbúnaðarsetursins ehf.

Nánari upplýsingar og skráning á [hugbunadarsetrid.is](http://hugbunadarsetrid.is)

[www.hugbunadarsetrid.is](http://www.hugbunadarsetrid.is)

[info@hugbunadarsetrid.is](mailto:info@hugbunadarsetrid.is)

s: 824-1849



HUGBÚNAÐAR  
SETRIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ  
**SPORT****Sigrar strákanna okkar á  
ríkjandi heimsmeisturum**

**1 22. janúar 1981 í Lubecke**  
13-11 sigur á heimsmeisturum Vestur-Þjóðverja frá 1978. Axel Axelsson markahæstur með 4 mörk.

**2 24. febrúar 1987 í Laugardalshöll**  
24-20 sigur á heimsmeisturum Júgóslava frá 1986. Alfreð Gíslason var markahæstur með 7 mörk en Páll Ólafsson skoraði 6 mörk.

**3 29. júní 1987 í Prilep**  
18-15 sigur á heimsmeisturum Júgóslava frá 1986. Alfreð Gíslason og Þorgils Óttar Mathiesen markahæstir með 4 mörk.

**4 8. desember 1987 í Laugardalshöll**  
25-22 sigur á heimsmeisturum Júgóslava frá 1986. Kristján Arason markahæstur með 7 mörk og Þorgils Óttar gerði 6 mörk.

**5 13. janúar 1988 í Örebro**  
23-20 sigur á heimsmeisturum Júgóslava frá 1986. Alfreð Gíslason markahæstur með 6 mörk og Þorgils Óttar Mathiesen skoraði 4 mörk.

**6 20. nóvember 2004 í Gautaborg**  
31-30 sigur á heimsmeisturum Króata frá 2003. Róbert Gunnarsson var markahæstur með 6 mörk og Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 5 mörk. Roland Valur Eradze varði 21 skot í markinu.

**7 12. ágúst 2008 í Peking**  
33-29 sigur á heimsmeisturum Þjóðverja frá 2007. Snorri Steinn Guðjónsson var markahæstur með 8 mörk og Guðjón Valur skoraði 7 mörk. Leikur á ÓL.

**8 30. nóvember 2008 í Koblenz**  
30-29 sigur á heimsmeisturum Þjóðverja frá 2007. Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur með 8 mörk. Róbert Gunnarsson skoraði sigurmarkið.

**9 4. ágúst 2012 í London**  
30-29 sigur á heimsmeisturum Frakka frá 2011. Alexander Petersson markahæstur með 6 mörk en þeir Aron Pálmarsson og Guðjón Valur Sigurðsson skoruðu 5 mörk hvor. Leikur á ÓL.

**10 7. nóvember 2015 í Ósló**  
25-23 sigur á heimsmeisturum Frakka frá 2015. Rúnar Kárasón, Guðjón Valur Sigurðsson og Aron Pálmarsson voru markahæstir með 4 mörk hver.



Aron Pálmarsson var næstmarkahæstur í íslenska liðinu á móttinu en hann skoraði flest mörk utan af velli. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Heimsmeistararnir féllu í tíunda skiptið

Íslenska karlalandsliðið í handbolta varð í öðru sæti í Gulldeildinni, fjögurra þjóða æfingamóttinu í Ósló, sem lauk með úrslitaleik Íslendinga og Dana í gær.

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið gerði góða hluti í fyrstu æfingaleikjum liðsins fyrir Evrópumótið í Póllandi í janúar en íslensku strákarnir náðu silfurverðlaunum í Gulldeildinni, æfingamóti í Ósló, þar sem liðið vann endurkomu-sigur á Norðmönnum og flottan sigur á Ríkjandi heims-, Evrópu- og Ólympíumeisturum Frakka.

Lokaleikurinn gegn Guðmundi Guðmundssyni og lærisveinum hans tapaðist reyndar með átta marka mun í gær en það er ljóst að Aron Kristjánsson gat verið ánægður með margt í leik liðsins.

„Útkoman á þessu móti er fin þótt við séum ónægðir í dag með bæði byrjunina og endinn í Danaleiknum. Mótið í heild sinni er fint og það er búin að vera góð vinna í vikunni. Nú tekur bara við gríðarlega mikil vinna fram að EM, bæði hjá leikmönnum sjálfum og okkur sem erum að undirbúa okkur fyrir

þessa mótherja,“ sagði Aron sem vill sjá leikmenn vinna vel í sínum málum. Íslenska liðið var augljóslega bensínlaust á móti Dönum í lokaleiknum í gær og það má ekki gerast á EM í Póllandi.

„Leikmennirnir þurfa að passa upp á sig og koma sér í gríðarlega gott form því álagið verður mikið á Evrópumóttinu,“ sagði Aron. Hann lítur svo á að íslenska landsliðið hafi eignast tvo nýja landsliðsmenn í þeim Tandra Má Konráðssyni og Guðmundi Hólmari Helgasyni sem komu óvænt inn í liðið og spiluðu saman í miðri vörnninni. Árangurinn á móttinu er því enn athyglisverðari fyrir þær sakir að íslenska liðið tefldi fram þessum nýjum mönnum í vörnninni.

Íslenska liðið náði að vinna ríkjandi heimsmeistararnir í tíunda skipti í sögunni eins og kemur fram hér á síðunni. Það voru liðin þrjú ár síðan íslenska liðið vann heimsmeistarana síðast en það var eftir-

minnilegur sigur á Frökkum í riðlakeppni ÓL í London 2012.

Strákarnir okkar hafa einnig unnið Vestur-Þjóðverja, Júgóslava, Króata og Þjóðverja á meðan þessar þjóðir hafa borið titilinn heimsmeistararnir í handbolta.

Íslensku markverðirnir átta báðir góða leiki í sigurleikjunum tveimur. Björgvin Páll Gústavsson lokaði markinu á móti Norðmönnum og Aron Rafn Eðvarðsson varði mjög vel í seinni hálfleik á móti Frökkum. Flottir seinni hálfleikir í báðum leikjum færðu íslenska liðinu góða sigra.

Aron er ánægður með Ólaf Stefánsson, sem er kominn á fullt inn í þjálfarateymið með honum og Gunnari Magnússyni. „Það er frábært og teymið virkar frábærlega. Samvinna okkar þriggja þjálfaranna gengur mjög vel,“ sagði Aron sáttur með stöðu mála tveimur mánuðum fyrir EM. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)

**Nýjast****Enska úrvalsdeildin**

Bournemouth	0–1	Newcastle
Leicester	2–1	Watford
Man. United	2–0	West Brom
Norwich	1–1	Swansea
Sunderland	0–1	Southampton
West Ham	1–1	Everton
Stoke	1–0	Chelsea
Aston Villa	0–0	Man. City
Arsenal	1–1	Tottenham
Liverpool	1–2	C.Palace

**Efst**

Man. City	26	Chelsea	11
Arsenal	26	Newcastle	10
Leicester	25	Bournemouth	8
Man. United	24	Sunderland	6
Tottenham	21	A.Villa	5

**Neðst****Hvað gerði Gylfi?**

Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Swansea og lék í 78 mínútur. Hann var óheppinn að koma liðinu ekki yfir þegar hann skaut í slá aðeins þremur mínútum áður en Norwich skoraði sigurmarkið.

**GUÐBJÖRG OG HÓLMFRÍÐUR BÁÐAR VALDAR BESTAR**

Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður Noregsmeistara Lilleström og Hólmfríður Magnúsdóttir, leikmaður silfurliðs Avaldsnes, fengu báðar flott verðlaun um helgina. Þær gátu reyndar hvorug spilað vegna meiðsla en eftir leikina í lokaumferðinni fengu þær ekki bara gull og silfur um hálsinn. Guðbjörg var valin besti markvörður deildarinnar og Hólmfríður besti sóknarmaðurinn.

**BIRGIR LEIFUR Í MJÖG GÓÐUM MÁLUM FYRIR LOKADAGINN**

Birgir Leifur Hafþórsson er í góðri stöðu fyrir lokahringinn á öðru stigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina í golfi sem fram fer í dag. Birgir lék á tveimur höggum undir pari í gær eða 69 höggum og er hann samtals á átta höggum undir pari. Birgir Leifur er í 5. sæti en gera má ráð fyrir að fimmtán efstu kylfingar af þessum velli komist áfram á lokaúrtökumótið.

## „Gróttumarkvörðurinn“ kom í veg fyrir sigur Gróttu

**HANDBOLTI** Það stefnir í mjög jafna toppbaráttu í Ólis-deild kvenna í handbolta og gott dæmi um það er æsispennandi leikur Hauka og Íslandsmeistarara Gróttu um helgina. Hetja Hauka var markvörðurinn Elín Jóna Þorsteinsdóttir, sem er einmitt á láni frá Gróttu. Elín Jóna varði daudafæri frá Gróttustelpu rétt áður en leiktíminn rann út en hún tryggði Haukum með því stig og þar með toppsæti deildarinnar áfram.

„Þetta var skemmtilegur leikur en það var jafnframt svolítið erfitt að mæta Gróttu. Það var svo ódrúvísi að spila á móti stelpum sem ég er búin að æfa með eiginlega alla mína ævi,“ segir Elín Jóna sem varði vel í leiknum eins og hún hefur gert í vetur. „Auðvitað hefðum við vilja vinna leikinn en stig er alltaf stig,“ segir Elín Jóna.

Elín Jóna varð tvöfaldur meistari með Gróttu í fyrra en þá sem varamarkvörður Írisar Bjarkar Símonardóttur. Hún samdi síðan við Gróttu í haust en fór um leið á láni í eitt ár til Haukana.

„Íris er frábær markvörður og það er erfitt að reyna að skáka hana út. Það var flott hjá Gróttu að leyfa mér að fara á láni af því að mig vantaði reynslu. Mér fannst ég vera nógu góð til að vera fyrsti markvörður og vantaði bara reynsluna af því að fá að spila. Það var rosalega gott tækifæri fyrir mig að fá að fara til Hauka,“ segir Elín Jóna. En ætli Gróttufólkið sjái eftir þessu nú þegar hún sá til þess að hennar gömlu liðsfélagar fengu bara eitt stig um helgina?

„Nei ég held að þeir hafi ekkert séð eftir þessu. Þeir eru bara sammála mér í því að ég þurfi reynslu. Ég á að fara aftur í Gróttu á næsta ári,“ sagði Elín og hún hefur þegar sótt mikið til Írisar þegar þær æfðu saman hjá Gróttu. „Íris hefur alltaf verið fyrirmyndin mín frá því að ég var yngri,“ viðurkennir Elín. En sögðu Gróttustelpurnar eitthvað við hana í leikslok? „Lovísa (Thompson) kom allavega til mín eftir leik. Hún var ekkert rosalega ánægð en ekkert rosalega svekkt heldur. Þetta voru svolítið blöndnar tilfinningar,“ segir Elín. – **óoj**



Elín Jóna Þorsteinsdóttir, markvörður Hauka, er lánsmaður frá Gróttu og hún kom í veg fyrir að Gróttuliðið tryggði sér sigur um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Gulldeildin í handbolta****Ísland - Frakkland 25-23**

**Mörk Íslands:** Rúnar Kárasón 4 (6), Guðjón Valur Sigurðsson 4/1 (8/2), Aron Pálmarsson 4 (12), Arnór Atlason 3 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (6), Guðmundur Árni Ólafsson 2 (2), Guðmundur Hólmur Helgason 2 (3), Bjarki Már Elisson 1/1 (1/1), Róbert Gunnarsson 1 (2), Tandri Már Konráðsson 1 (2).  
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson. 11 (25/3, 44%), Björgvin Páll Gústavsson. 2 (11/2, 18%).

**Ísland - Danmörk 24-32**

**Mörk Íslands:** Guðjón Valur Sigurðsson 7/2 (10/2), Arnór Þór Gunnarsson 3 (3), Róbert Gunnarsson 3 (3), Rúnar Kárasón 3 (10), Arnór Atlason 2 (3), Aron Pálmarsson 2 (7), Tandri Már Konráðsson 1 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (3), Guðmundur Hólmur Helgason 1 (3), Kári Kristján Kristjánsson 1 (3).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 6 (31, 19%), Aron Rafn Eðvarðsson 2 (9, 22%).

**Stig:** Danm. 6, Ísland 4, Noregur 2, Frakkli. 0

# FÓLK

KYNNINGARBLAD



## SKÚLAVERÐLAUNIN

Philippe Ricart hlaut Skúlaverðlaunin 2015 fyrir handofin teppi úr íslenskrri ull. Skúlaverðlaunin voru veitt á opnunarkvöldi Handverks og hönnunar en sýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur lýkur í dag. SÍÐA 2

~~2.280kr~~  
**1.824kr**  
9.-15.NÓV

### TOSTADA RUCOLA

m. nachos, ostasósu og gosi

**Culiacan**  
MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4a  
www.culiacan.is



## KÓSÍ STOFUKOFAR

**HÚSASMÍÐI** Systkinin Kjartan Orri Ingvarsson og Ragnhildur Ingvarsdóttir eru bæði í Laugarnesskóla. Kjartan er alveg að verða sex ára og Ragnhildur er sjö ára. Þau eru nánast flutt úr herbergjunum sínum og inn í stofu þar sem þau hafa komið sér upp einkahúsnæði úr pappa.

### Hvaða hús eru þetta í stofunni hjá ykkur?

Kjartan: Mitt er gamaldags pappahús með ljósi inni í.

Ragnhildur: Mitt er búð sem er hægt að breyta í hús.

### Hvernig datt ykkur í hug að búa þau til?

Kjartan: Þegar við vorum að kaupa sófa upp í ris til bræðra minna þá kom hann í stórum pappakössum. Systir mín bjó fyrst til búð úr einum kassa og þá vildi ég líka fá einhvern veginn hús en ekki búð. Ég var að reyna að festa þakið saman og þá datt mér í hug að hafa svona gamaldags hús.

Ragnhildur: Mér finnst svo gaman að föndra eitthvað svona úr pappakössum. Fyrst ætlaði ég að gera bíl, svo búð og síðan hús.

### Hvernig settuð þið þau saman?

Bara með límbandi. Mamma hjálpaði okkur. Hún skar líka hurðirnar út með hníf.

### Hvernig notið þið þau?

Kjartan: Ég get notað mitt hús fyrir tilrauna-stofu og líka fyrir venjulegt hús sem maður sefur í. Ég gerði einu sinni tilrauna-nammisúpu á tilraunastofunni minni.

Ragnhildur: Ég gerði líka nammisúpu. Þegar búðin er opin þá get ég haft búðarborðið

niðri en lokað því ef ég ætla að nota hana sem venjulegt hús.

### Hafið þið gist í þeim með sæng og kodd?

Kjartan: Já, mörgum sinnum. Og Keli, kisan mín, er oft í mínu húsi, eiginlega alltaf þegar hann er ekki úti.

Ragnhildur: Ég er búin að gista í mínu húsi í heila viku. Það er mjög kósi að liggja þar og lesa.

### Eruð þið dugleg að búa til hluti?

Kjartan: Já, ég lita og teikna helst.

Ragnhildur: Já, ég bý til dúkkuballerínur.

### Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera?

Kjartan: Mér finnst skemmtilegast að lita eitthvað bull.

Ragnhildur: Mér finnst skemmtilegast að hjóla úti með vinkonum mínum.

### Hvað ætlið þið að verða þegar þið verðið stórir?

Kjartan: Ég ætla fyrst að verða fornleifa-fræðingur og svo ætla ég að verða eins og pabbi minn er, verkfræðingur.

Ragnhildur: Ég ætla að verða mamma og kannski kennari eða listmálari.

### KOFAKRAKKAR

Systkinin Ragnhildur og Kjartan Orri í húsunum sínum sem þau bjuggu til úr pappakassa utan af sófa.

MYND/STEFÁN



### Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkar hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.

Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-  
[www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

## TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum TUDOR



SPARE ORIGINAL PART



Batahæð endurhætt



Nýjar byggingar 20Ksælin



Mikil hærri vörð



Þeir sem nota autarabílast



Þetta er gott loftslag

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði

# FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI

# 365

Sex sjónvarpsstöðvar, internet, heimasími, Stöð 2 Marabon og aðild að Við.

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.IS

SKEMMTIPAKKINN

9.290 kr.  
Að eins 310 kr. á dag

Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.

365.is | Sími 1817

# hansgrohe



Eitt mesta úrval landsins af eldhúsblöndunartækjum



Talis S VARIARC m. úðara

Talis S VARIARC

Talis S VARIARC m. úðara



Talis S m. úðara



Talis S



FOCUS 160



LOGIS 260



FOCUS 260 m. úðara



FOCUS 160



LOGIS 160



Gæði fara aldrei úr tísku

**ISLEIFUR JÓNSSON**

Dragháls 14-16 · 110 Reykjavík  
Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

## FÓLK|HEIMILI



**VERÐLAUNAHAFINN** Philippe Ricart tekur við Skúlaverðlaunum 2015 úr höndum Almars Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins.

MYNDIR/GUÐMUNDUR INGÓLFSSON

# SVOLÍTILL GALDUR

**SKÚLAVERÐLAUNIN** Philippe Ricart hlaut Skúlaverðlaunin 2015 fyrir handofin teppi úr íslenskri ull. Öll teppi hans eru handgerð og eru úr íslenskri ull.

Philippe Ricart hlaut Skúlaverðlaunin 2015 sem afhent voru á opnunarkvöldi sýningarinnar Handverk og hönnun síðasta fimmtudagskvöld í Ráðhúsi Reykjavíkur. Verðlaunin hlaut Philippe Ricart fyrir handofin teppi úr íslenskri ull en þau eru ofin með salunsvefnaði og vaðmálsáferð þar sem notast er við bæði fléttað vaðmál og víxlað vaðmál.

Teppin þykja einstaklega falleg og vönduð en þau eru að öllu leyti handgerð af Philippe Ricart, sem þykir einn af okkar fremstu listhandverksmönnum enda starfað í greininni í langan tíma. Hann segir vefnaðinn vera afar heillandi listform. „Fyrir mér er vefnaður svolítill galdur því ég er að púsla saman ýmsum hráefnum, litum og munstri. Í vefnaði er líka hægt að vinna svo fjölbreytt og ólík verk. Svo er auðvitað íslenska ullin svo skemmtilegt efni til að vinna úr en ég nota hana eingöngu í verk mín.“

Verðlaunateppin eru gerð með öðruvísi vefnaði en önnur verk hans. „Ég vildi prófa eitthvað nýtt og nálgast því verkefnið á annan hátt en áður. Þessi aðferð hefur ekki verið notuð mikið í léttum vefnaði áður enda notaði ég léttara og liprara efni.“

### BYRJADI MEÐ KVÖLDNÁMSKEIÐI

Philippe er fæddur í Frakklandi en hann og eigin kona hans fluttu til landsins árið 1979 og bjuggu á Ísafirði um margra ára skeið. Þar kynntist hann fyrst vefnaði þegar hann sótti kvöldnámskeið hjá Guðrúnu Vigfúsdóttur. „Hún var vefnaðarkennari við húsmæðraskóla á þessum tíma auk þess sem hún rak eigin vefstofu sem var held ég sú eina sinnar tegundar á landinu á þessum tíma. Það voru fleiri að vinna í vélum á þessum tíma en hún var held ég sú eina í handverki.“ Að námskeiði loknu vildi hann endilega halda áfram og úr varð að hann hóf störf sem lærlingur hjá Guðrúnu þar sem hann starfaði í nokkur ár.

### FORVITINN AÐ EÐLISFARI

Philippe vinnur ekki bara úr íslenskri ull heldur einnig úr öðru íslensku hráefni á borð við lerk, birk, mál, og kopar, auk þess sem hann hefur komið að myndlist. „Ég er forvitinn að eðlisfari og finnst gaman að prófa nýja hluti en framleiði þó mest með stólvefnaði. Ég er auk þess sérfræðingur í spjaldvefnaði en þar eru notuð mjó bönd með alls konar mynstri og litum. Einnig geri ég út-saumspakningar með mynstrum sem ég teikna og hanna. Þessi verk mín og fleiri eru til sölu í handverks- og hannyrðabúðum á höfuðborgarsvæðinu og víða í nágrenni hennar.“

### GAMAN AÐ FÁ VERÐLAUN

Skúlaverðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta, sem var frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík á sínum tíma, og eru styrkt af Samtökum



**FALLEG HLÝJA** Handofin teppi með fléttuðu vaðmáli úr íslenskri ull.

iðnaðarins. Þau hafa verið veitt frá árinu 2008 og alltaf fyrir besta nýja hlutinn á sýningunni. Hlutirnir mega því hvorki hafa verið til sýnis né til sölu opinberlega fyrir sýninguna í Ráðhúsi Reykjavíkur og fer fagleg valnefnd yfir innsendar tillögur og velur úr. „Verðlaunin komu mér ekki beint á óvart, þannig séð. Ég er búinn að vera í þessum bransa lengi og tekið þátt í mörgum sýningum. Þegar maður kemur á þessa sýningu þarf auðvitað að koma með eitthvað nýtt og þannig leiddi eitt af öðru. Það er alltaf gaman að fá verðlaun og fróðlegt að sjá hver viðbrögðin verða eftir sýninguna.“

Handverk og hönnun 2015 lýkur í dag, mánudag. Sýningin fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og stendur yfir milli kl. 10 og 18. Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar má finna á [www.handverk-oghonnun.is](http://www.handverk-oghonnun.is) og á Facebook undir Handverk og hönnun. ■ [starri@365.is](mailto:starri@365.is)

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Sölu menn: **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# HÚSNÆÐISLÁN

MÁNUDAGUR 9. NÓVEMBER 2015



## Heima er best

Erla Dröfn Kristjánsdóttir keypti nýverið sína fyrstu íbúð. Hún nýtur þess að búa sér fallett heimili.

**BLS. 2**

## Ein stærsta ákvörðun lífsins

Kristján Gestson, sérfræðingur í eignaumsýslu hjá Íbúðalánasjóði, gefur kaupendum góð ráð varðandi fasteignakaup.

**BLS. 4**

## Vönduð ráðgjöf

Arion banki býður viðskiptavinum vandaða fjármálaráðgjöf þegar kemur að fjármögnun húsnæðis en hún er vaxandi þáttur í starfsemi bankans.

**BLS. 3**

# Gaman að gera heimilið að sínu

Fyrstu íbúðakaupin eru jafnan stór áfangi á lífsleiðinni. Það er bæði spennandi og skemmtilegt að koma sér fyrir í eigin húsnæði. Erla Dröfn Kristjánsdóttir segir frelsandi að geta hagað hlutunum eftir eigin höfði.

Það er frábært að vera komin í eigið húsnæði, yndislegt líf,“ segir Erla Dröfn Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur en hún keypti nýlega sína fyrstu íbúð, rúma sextíu fermetra. Stór pallur fylgir íbúðinni þar sem Erla segist sjá fyrir sér skemmtilegar garðveislur í sumar. „Ég er þegar búin að plana fyrsta grillpartíið,“ segir hún hress.

Erla hafði leitað sér að íbúð í hálf tveggja árum en hún festi sér þessa. Áður hafði hún verið á leigumarkaðnum en flutti aftur heim til foreldra sinna og bjó þar í um eitt ár áður en hún keypti sitt eigið húsnæði. „Þá náði ég að safna fyrir útborgun,“ segir hún og spurð hvaða ráð hún eigi handa þeim sem séu í kauphugleiðingum í fyrsta sinn segir hún númer eitt tvö og þrjú að safna.

„Maður þarf að vera duglegur að leggja fyrir og taka alltaf einhvern hluta launa hvers mánaðar frá. Svo þarf maður bara að vera meðvitaður um hvað maður vill, hvernig íbúð hentar og liggja yfir miðlunum og skoða það sem kemur á sölu.“

Þótt íbúðarleit Erlu hafi staðið í hálf tveggja árum endaði hún á að kaupa íbúð sem hún féll fyrir í upphafi leitar.

„Ég hafði séð þessa íbúð á sölu áður og farið að skoða en þá hafði ég ekki efni á henni. Hálfu ári síðar var hún komin aftur á sölu og þá var ég búin að safna nóg. Það var bara eins og hún hefði verið ætluð mér. Þegar ég skoðaði hana í fyrri skiptið þurfti að skipta um gólfefnin og mála og það var akkúrat það sem eigendurnir í millitíðinni höfðu gert. Hún var því bara eins

„Mig vantaði í raun allt nema rúm. Það var rosalega gaman að geta valið mér hluti og húsgögn eftir mínum smekk. Enginn að skipta sér af.“

og sniðin fyrir mig og ég þurfti ekkert að gera, bara flytja inn,“ segir Erla en undanfarnar vikur hefur hún verið að koma sér fyrir.

„Mig vantaði í raun allt nema rúm. Það var rosalega gaman að geta valið mér hluti og húsgögn eftir mínum smekk. Enginn að skipta sér af,“ segir hún hljandi. „Það er gaman að geta gert heimilið að sínu eigin. Það er ákveðið frelsi í því. Ég er búin að sanka að mér dóti héðan og þaðan. Amma og afi gáfu mér ísskáp og ég fékk gamalt sjónvarp hjá pabba. Svo hef ég fundið mikið gegnum Bland, notaða en samt nýlega hluti. Mér líður best í björtu umhverfi,“ segir Erla.

Þegar verið er að koma upp heimili er ekki verra að kunna að fara með hamar og nagla. Ertu handlagin?

„Þar kemur að mínum veikleika, ég er ekkert í því að bora og festa upp hillur,“ segir Erla hljandi. „Ég hef verið að bíða með það þar til ég fæ aðstoð og þangað til ég finn út hvar ég vil hafa hlutina. Þegar sú ákvörðun hefur verið tekin mun ég bara hafa yfirumsjón með verkinu. Ég setti þó upp gardínurnar sjálf, það finnst mér bara nokkuð gott.“



Heima er best. Erla Dröfn Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur festi nýlega kaup á sinni fyrstu íbúð og segir yndislegt líf að eiga sitt eigið heimili. MYND/GVA

## „Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Ein mikilvægasta ákvörðunin sem við tökum er að fjárfesta í íbúð. Þess vegna skiptir máli að hafa fjölbreytta valkosti og góða ráðgjöf í takt við ólíkar þarfir. Allt sem skiptir máli um fyrstu kaup, á [landsbankinn.is/ibudalan](http://landsbankinn.is/ibudalan).

Engin lántökugjöld við fyrstu kaup.

Fjármögnun allt að 85% af markaðsvirði.

Fjölbreyttir lánakostir í takt við þínar þarfir.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





**heimili**  
fasteignasala  
- á traustum grunni



**Bogi Pétursson**  
lögg. fasteignasali



**Finnbogi Hilmarsson**  
lögg. fasteignasali



**Guðbjörg G. Blöndal**  
lögg. fasteignasali



**Erla Dröfn Magnúsdóttir**  
Lögfræðingur



**Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali**



**Brynjólfur Snorrason**



**Gunnlaugur A. Björnsson**



**Ásdís Írena Sigurðardóttir**



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

**588 4477**

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



**Bárður Tryggvason** Eigandi Sölufulltrúi 896 5221  
**Ingólfur Geir Gissurarson** Eigandi Framkvæmdastjóri Lögg. fasteignasali 896 5222  
**Heiðar Friðjónsson** Sölustjóri Löggiltur lögg. fasteignasali B.Sc 693 3356  
**Erlendur Davíðsson** Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útbús Olafsvík 897 0199  
**Margrét Sigurgeirsdóttir** Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477



**Heimir Bergmann** Sölufulltrúi 630 9000  
**Pétur Steinar Jóhannsson** Sölufulltrúi Snaefellsnes 893 4718  
**G. Andri Guðlaugsson** Lögg. fasteignasali Sölufulltrúi 662 2705  
**Kristján S. Bjarnason** Lögg. fasteignasali 611 4870  
**Sturla Pétursson** lögg. fasteignasali 899 9083



www.valholl.is · www.nybyggingar.is

## Hús á eftirsóttum stað

Fasteignasalan TORG kynnir: Mjög vel staðsett einbýlishús á einni hæð að Bakkastöðum 43 á eftirsóttum stað í Grafarvoginum. Opíð hús verður á morgun á milli kl. 18.30 og 19.

Um er að ræða eign sem er skráð 224,7 fm, þar af er bílskúr 40,2 fm. Gengið er inn í rúmgóða forstofu með flísam á gólfi. Inn af forstofu er gestasalerni með flísam á gólfi, hvítum skáp og glugga.

Eldhúsið er vel útbúið og rúmgott með beykiinnréttingu og nýlegri borðplötu. Flísar á milli efri og neðri skápa, vönduð nýleg tæki. Parket er á gólfi í stofu og borðstofu og útgengt er um tvöfalda hurð á verönd með frábæru útsýni til sjávar.

Aðalbaðherbergið er rúmgott og flísalagt í hólfi og gólf. Bæði baðkar og sturtuklefi eru á baðherberginu, salerni er upphengt og ljós innrétting.

Svefnherbergin eru fimm, öll eru með parketi á gólfi. Í hjóna-



Opíð hús verður á morgun á milli kl. 18.30 og 19 að Bakkastöðum 43.

herbergi eru rúmgóðir skápar (vantar hurðir) og í tveimur barna-herbergjum eru lausir skápar sem fylgja með. Í bílskúr er búið að útbúa sjötta herbergið (mögulegt að breyta aftur í bílskúr).

Rúmgott þvottahús með flísam á gólfi, innréttingu með vaski og vélarnar eru í vinnuhæð. Innangengt er í bílskúrinn úr þvottahúsi.

Virkilega vel staðsett og gott fjölskylduhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, mörgum svefnherbergjum og með frábæru útsýni út að sjó. Örstutt út í fallega náttúru, golfvöll, skóla og leikskóla.

**Allar nánari upplýsingar veitir Hafdis Rafnsdóttir sölustjóri, gsm 820-2222 eða hafdis@fstorg.is.**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is

KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Klapparhlíð 38 - 270 Mosfellsbær



**Opíð hús í dag mán. frá kl. 17:30 til 18:00**  
Falleg 139,8 m<sup>2</sup> endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í þrjú herbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. Timburverönd með heitum potti og afgirtur garður í suðvestur. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, sund, líkamsræktarstöð og á golfvöll. **V. 50,9 m.**

### Hjallahlíð 8 - 270 Mosfellsbær



**Opíð hús í dag mán. frá kl. 17:30 til 18:00**  
Falleg 94,4 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja, íbúð á jarðhæð með sérinnangi í fjórþýlishúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og stofu. Við hlíð inngangs í íbúðina er geymsla. Mjög stutt er í Lágafellsskóla, leikskólann Hulduberg, glæsilega sundlaug og líkamsræktarstöð World Class. **V. 32,9 m.**

### Urðarholt 7, íbúð 301 - 270 Mosfellsbær



**Opíð hús í dag mán. frá kl. 17:00 til 18:00**  
Falleg 91 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjórþýlishúsi, ásamt 22,3 m<sup>2</sup> bílskúr. Íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og hol/gang. Í kjallara er sérgeymsla svo og sameiginlegt þvottahús o.fl. **V. 32,9 m.**

### Flétturími 24 - 112 Rvk.



3- 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. Gott útsýni. Góður staður. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. **V. 28,9 m.**

### Gerðhamrar 14 - 112 Rvk.



Mjög glæsileg og mikið endurnýjuð 183 m<sup>2</sup> efri sérhæð með innbyggðum bílskúr. Falleg afgirt lóð með verönd og heitum potti. Stórt steypt bílastæði. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 51,7 m.**

### Leirutangi 30 - 270 Mos.




308,1 fm einbýlishús með tvöföldum bílskúr á mjög fallegri sjávarútsýnislóð. Eignin skiptist í anddyri, gestasnyrtungu, borðstofu, setustofu, eldhús með borðkrók, baðherbergi, 5 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, þvottahús og tvöfaldan bílskúr. **V. 74,5 m.**

### Engjavegur 6 -270 Mosfellsbær



Falleg 270,4 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum + ris. Búið er að innrétta sér íbúðarrými í kjallara. Húsið stendur á fallegum stað rétt við Reykjaland og Varmána. **V. 54,9 m.**

### Lækjarberg 56 - 220 Hafnarfjörður



**Opíð hús þri. 10. nóvember frá kl. 17:00 til 17:30**  
Einstaklega vel staðsett 205,9 fm 5 herbergja einbýlishús með bílskúr. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, stóra stofu/borðstofu, sjónvarpshol, eldhús, baðherbergi, fataherbergi, þvottahús. Stór garður og gott bílapan. Eignin stendur á 805,2 fm gróinni lóð innst í botnlanga á friðsælum stað á lækjarbakkanum í Hafnarfirði. Stutt er í helstu þjónustu, skóla og útivistarsvæði. **V. 65,9 m.**

### Kvislartunga 21 - 270 Mosfellsbær



**Opíð hús þri. 10. nóvember frá kl. 18:00 til 18:30**  
Mjög glæsilegt 247,7 fm parhús með innbyggðum 48,2 fm bílskúr á góðum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Á jarðhæðinni er forstofa, sjónvarpshol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús auk bílskúrs. Á efri hæðinni eru stórar stofa, stórt eldhús og baðherbergi. Efri hæðin er með mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu. Gluggar eru til allra átta og útsýnið er stórglæsilegt. Út af stofunni eru stórar svalir með glæsilegu útsýni. **V. 59,5 m.**

### Laxatunga - 270 Mosfellsbær



**Opíð hús miðvikudaginn 11. nóvember frá kl. 16:00 til 16:30**  
160,0 m<sup>2</sup> raðhús - tilbúin til innréttinga - á einni hæð, í byggingu, við Laxatungu 72, 74 og 76 í Mosfellsbæ. Mjög falleg og vel skipulögð raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Húsin standa á góðum stað rétt við leikskólasvæði Leirvogstungu. Skipulag er mjög gott og fer hvergi fermetri til spillis. Skipulag samkvæmt teikningu: Þrjú svefnherbergi, forstofa, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofa, geymsla og bílskúr. Eldhús og stofa liggja saman í opnu rúmlega 40 m<sup>2</sup> rými þar sem lofthæð er um 4,5m í hæsta punkti.

Laxatunga 72 V. 40,5 m. • Laxatunga 74 V. 38,9 m. • Laxatunga 76 V. 38,9 m.



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali  
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali  
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali  
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali  
Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali  
Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali  
Magnea S. Sverrisdóttir, lögg. fasteignasali  
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali  
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali  
Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali  
Brynjár P. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.  
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri  
Elin Þorleifsdóttir, ritari  
Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari  
Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## EIÐISTORG 9 170 SELTJARNARNESI



4-5 herb. mjög falleg 133 fm íbúð á tveimur hæðum með frábæru útsýni. Á neðri hæðinni er forstofa, hol, snyrting, eldhús og stofur. Á efri hæðinni er badherb. þrjú herbergi, sjónvarpshol o.fl. Stórar þaksvallar eru út af holinu. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. **V. 45,8 m. 9150**

## MEISTARAVELLIR 33 107 RVK.



Falleg 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Um er að ræða neðstu blokkina við Meistaravelli (við KR völinn). Íbúðin skiptist þannig: stofa, eldhús, tvö herbergi, badherbergi og hol. Sér geymsla í kjallara. Sameiginlegt þvottahús og þurrkherbergi. Íbúðinni tilheyrir bílskúrsréttur. **V. 31,5 m. 9151**

## SÆVARLAND 2 108 RVK.



Fallegt og vel skipulagt 274 fm radhús á tveimur hæðum með auka 2ja herbergja útleigu íbúð á jarðhæð. Bílskúr fylgir eigninni í lengi vestan við húsið. Stutt er í skóla og leikskóla auk þess sem Víkin er rétt handa við hornið. **Eignin verður sýnd mánudaginn 9.nóvember milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 69,9 m. 9101**

## ESKIHLÍÐ 26 105 RVK. ÍBÚÐ MERKT 03-01.



Falleg og björt 79 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð (efstu) í nýlega máluðu fjölbýli. Björt stofa með útgangi út á suðvestur svalir með falllegu útsýni, nýlega endurnýjað badherbergi. Íbúðin er laus til afhendingar. **Eignin verður sýnd mánudaginn 9.nóvember milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 30,9 m. 9149**

## GRANDAVEGUR 47 107 RVK. ÍBÚÐ MERKT 08-05.



Einstaklega falleg íbúð á 8. hæð í lyftuhúsi með útsýni. Íbúðin er fyrir félagsmenn í Félagi eldri borgara. Sér þvottaherbergi í íbúð. Góðar svalir. Mikil og góð sameign, húsvörður. **Eignin verður sýnd mánudaginn 9. nóvember milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 28,9 m. 9035**

## REYNIMELUR 80 107 RVK. ÍBÚÐ MERKT 01-02.



Mjög Björt og frábærlega staðsett 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í Vesturbæ Reykjavíkur. Góðar suðvestur svalir, íbúðin er ný máluð og laus til afhendingar. **Eignin verður sýnd mánudaginn 9. nóvember milli kl. 17:00 og kl. 17:30. V. 25,9 m. 8632**

## EIKJUVOGUR 28 104 RVK.



Falleg ca 110 fm 4ra herbergja sérhæð í falllegu steinhúsi miðsvæðis í Reykjavík. Eldhús og badherbergi nýlega endurnýjuð, stór og fallleg stofa með útbýggðum glugga og útgangi út á svalir til suðvesturs. Rúmgöð svefnherbergi. Sér inngangur og bílskúrsréttur. **Eignin verður sýnd mánudaginn 9.nóvember milli kl. 18:00 og kl. 18:30. V. 40,9 m. 9155**

## ÁRSKÓGAR 8 109 RVK. ÍBÚÐ 1101 FYRIR ELÐRI BORGARA



Mjög falleg 3ja herb. 93,6 fm íbúð á 11.hæð í lyftuhúsi við Árskóga í Reykjavík. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, tvö herbergi, eldhús, badherbergi/þvottahús og hol. Glæsilegt útsýni. Svalir. Inngangur er í félagsmiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar. Húsvörður er í húsinu. **Eignin verður sýnd mánudaginn 9. nóv. 2015 frá 17:00-17:45. Verð: 39,0 millj.**

## RAUÐAÐAÐ 13 110 RVK. ÍBÚÐ MERKT 03-02.



Mjög falleg og vönduð 114,5 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð (eftstu) ásamt stæði í bílageymslu. Björt stofa með útgangi út á stórar suðvestur svalir, þrjú svefnherbergi, þvottahús innan íbúðar og sér inngangur af svölum. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 10.nóvember milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 37,9 m. 9114**

## STAKKHOLT 4A 105 RVK AÐEINS 4 ÍBÚÐIR EFTIR!



Nýjar fullbúnar 125 fm íbúðir í miðbæ Reykjavíkur. Stæði í bílageymslu fylgir íbúðunum. Allar innréttingar og fataskápar af vandaðri gerð. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar. **Íbúðir 102, 105, 202 og 502 verða til sýnis þriðjudaginn 10. nóvember milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. frá 47,9 m. 4158**

## LAUGARNESVEGUR 89 104 RVK. ÍBÚÐ MERKT 05-05.



Mjög falleg og vönduð 110,3 fm 3ja herb. íbúð á 5. hæð (efstu) í vönduðu lyftuhúsi. Bílastæði í bílageymslu. Sér inngangur af glerjuðum svalgangi og yfirbyggðum svölum (u.þ.b. 10 fm). Aukin hljóðeinangrun. Vandaðar innréttingar og eldhústæki. Mikil útsýni, frábær staðsetning. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 10.nóvember milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 48,7 m. 9092**

## ÖGURÁS 12 210 GARÐABÆ



Glæsilegt radhús á tveimur hæðum á einstaklega góðum stað í Ásahverfi. Allt að fjögur svefnherbergi, stofa og sjónvarpshol. Nýlegt vandað eldhús. Sérverönd. Frábærlega vel skipulagt hús. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 10.nóvember milli kl. 17:15 og kl. 17:30. V. 49,9 m. 8931**



## EINBÝLI



### Bverársel 14 109 Rvk.

Fallegt og mjög snyrtilegt 293,9 fm einbýli á tveimur hæðum, tvöföldum bílskúr og aukaíbúð í kjallara. Sér inngangur er inn í aukaíbúðina en einnig er hægt að ganga inn í hana frá aðaleign. Falleg aðkoma er að húsinu og er garður fallegur og vel gróinn. Hiti er í stétt framan við hús og bílskúr. **V. 78 m.** 9033



### Bauganes 31a 107 Rvk.

Fallegt og vel skipulagt nýtt einbýlishús í Skerjafirðinum með fimm svefnherbergjum og fataherbergi á mjög rólegum og barnvænum stað, örstutt er í leikskóla og skólabíll er fyrir börn sem fara í Melaskóla. Handan við hornið er síðan Skerjafjörðurinn, Nauthólsvík og Öskjuhlíð. **V. 91,9 m.** 90774

## RAÐHÚS



### Sólheimar 39 104 Rvk.

Mikið uppert og fallegt 175,9 fm raðhús með innb. bílskúr. Fallegt eldhús frá Brúnás, stór stofa, tvennar svalir til suðvesturs og 5-6 svefnherbergi. **V. 52,9 m.** 9108

## HÆDIR



### Melás 5 210 Garðabæ - Efri hæð

Vel staðsett og björt 156,1 fm 5 herbergja efri sérhæð, yfirbyggðar svalir með opnunum. Eigninni fylgir innbyggður bílskúr en þar er búð að útbúa stúdíó íbúð með eldhúsnréttingu og snyrtingu. **V. 47 m.** 9047

## 3JA HERBERGJA



### Sóltún 14 105 Rvk.

Mjög falleg og vel um gengin 3ja herbergja 107,1 fm enda íbúð á 4. hæð (efstu), við Sóltún í Reykjavík. Lyfta er í húsinu og er íbúðin björt með rúmgóðum suðvestur svölum með glerlokunum sem hægt er að opna að fullu. Stórt stæði í bílageymslu fylgir við inngang í stigahús. Aukin lofthæð er á efstu hæðinni sem gefur eigninni skemmtilegt yfirbragð. **V. 49,5 m.** 9112

## 2JA HERBERGJA



### Vallarás 3 110 Rvk.

Góð 56,8 fm íbúð á 1. hæð við Vallarás. Íbúðin skiptist m.a. í hol, stofu, herbergi, eldhús og baðherbergi. Eldhúsið er opið inni stofuna. Úr stofu er gengið út í garð. Íbúðin er laus strax. **V. 19,9 m.** 9098

## Laufbrekka 30 - 200 Kópavogi



228 fm parhús á tveimur hæðum og ekið að ofanverðu við Laufbrekkuna innst í botnlangagötu. Glæsilegt útsýni. (V. 44,9m.) Einnig er möguleiki að kaupa atvinnuhúsnæði á jarðhæð Dalbrekkumegin sem er í eigu sama aðila, þar eru þrjár einingar með þremur fastanúmerum sem eru í leigu (sjó ár eftir af leigusamningi) 155,8 fm, 84,2 fm og 59,4 fm eða alls 299,4 fm. Verð þeirra eigna er samtals 36,0 milljónir. Heildarverð alls 80,900,000. 9156

## SUMARHÚS



### Valhallarst. Syðri 18 801 Selfossi

Sumarbústaður við Valhallarstíg syðri í landi þjóðgarðsins. Húsið er skr. hjá Þjóðskrár Íslands 43,3 fm og bátaskúr 24,1 fm. Húsið er ekki íbúðarhæft og þarfnast endurbyggingar frá grunni. Landið er 3.200 fm leigulóð með leigusamningi frá 2011. Stórglæsilegt útsýni er yfir vatnið. **V. Tilboð** 8941



### Bæjarlind 14-16 201 Kópavogi

218,9 fm skrifstofuhúsnæði á efstu hæð til sölu. Um er ræða snyrtilegt skrifstofuhúsnæði sem hefur verið endurnýjað að innan. Rýmið skiptist upp í rúmgóð opin vinnurými, salerni, fundarherbergi, geymslur og eldhús. Slípaður og lakkaður steinn er á gólfum. Eignin er laus strax. **V. 39 m.** 8634

## ATVINNUHÚSNÆÐI



### Laugarásvegur 1 104 Rvk.

Verslunar atvinnuhúsnæði á jarðhæð og í kjallara. Húsnæðið hýsti áður efnalaug. Einstaklega góð staðsetning rétt ofan við laugardalinn. Húsið hefur verið talsvert endurnýjað á síðustu árum. Til afhendingar strax, sölumenn sýna. **V. 28 m.** 9091

## 50 ÁRA OG ELDRÍ.



### Herjólfsgata 36 220 Hafnarfirði - laus fljótlega

Vönduð vel skipul. 2ja herb. 96 fm íb. á jarðhæð í nýl. lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri. Vandaðar eikarinnréttingar og parket. Rúmgóð stofa, sérverönd út frá stofu. Íbúðin er laus fljótlega. **V. 29,7 m.** 8861



# Nýjar íbúðir í Fossvogi Skógarvegur 12-14

Glæsilegt lyftuhús með 33 íbúðum, allar íbúðir með stæði í bílageymslu. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

Stærð íbúða er frá 64 – 162 fm.  
Verð frá 36,2 mkr.

Nánari upplýsingar gefa sölumenn Eignamiðlunar.

Íbúð 201, 301





**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf.**



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumaður  
gisli@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**  
hdl. og lögg. fasteignasali  
heimir@fastmark.is



**Elin D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Halldóra Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halldora@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá.

Skoðum og metum samdægurs.

Sanngjörn sölupóknun.

Vesturbær – Seltjarnarnes  
- Sérhæð óskast -

Óskum eftir 125-150 fermetra sérhæð í vesturbænum á Melum, Högum eða á Seltjarnarnesi fyrir traustan kaupanda.

### Fáfnisnes.



Glæsilegt og mjög vandað 243,7 fm. einbýlishús við Fáfnisnes í Skerjafirði að meðtöldum tvöföldum bílskúr. Húsið er byggt árið 1969, teiknað af Þorvaldi Þorvaldssyni arkitekt og er það í svokölluðum síðfúnkisstíl. Kjallari er undir hálfu húsinu. Mikil lofthæð bæði í setustofu og borðstofu. Eldhús með dökkum viðarinnréttingum. Gufubað inn af þvottaherbergi í kjallara. Lóðin er 628,0 fm. að stærð og var garðyrkjufræðingur fenginn á sinum tíma til að móta heildarútlit húss og lóðar.

Eignin fékk fegurðarverðlaun Reykjavíkurborgar fyrir byggingarlist árið 1970.

**Verð 94,9 millj.**

### Laufbrekka – Kópavogi. Heil húseign.



Heil húseign alls 527,9 fm. sem er 299,4 fm. verslunar-/lagerhúsnæði á 1. hæð og 228,5 fm. íbúð á 2. hæð og í risi við Laufbrekku. Gengið er inni verslunar-/lagerhúsnæðið Dalbrekkumegin og eru tveir inngangar þar. Um er að ræða eitt stórt rými með lökkuðu gólfi og er því skipt upp með léttum veggjum. Íbúðin er með hellulagðri verönd til suðurs og svölum til vesturs.

Góð staðsetning innst í botnlanga.

**Verð 80,9 millj.**

### Einbýlishús á bökkum Ytri – Rangá- Frábær staðsetning



Afar vel staðsett 246,6 fm. einbýlishús á einni hæð við Þrúðvang á Hellu að meðtöldum 53,2 fm. bílskúr.

Húsið er allt endurnýjað að innan sem utan. Rúmgóð stofa með útgengi í sólstofu. Fjögur herbergi. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu. Lóðin er eignarlóð 1.000,0 fermetrar að stærð, ræktað og frágengin með stórrí viðarverönd. Hellulögn er fyrir framan bílskúr og hús.

Eignin stendur á 1.000,0 fermetra eignarlóð niður á árbakkanum við Ytri-Rangá.

Ekki verður byggt meira á árbakkanum.

### Brekubær. Raðhús.



Mjög fallegt og vel skipulagt 288,0 fm. raðhús, tvær hæðir og kjallari auk 22,9 fm. bílskúrs, samtals 310,9 fm. Sér íbúð er í kjallara. Eignin er í góðu ástandi að innan sem utan. Rúmgóð og björt stofa með stórum gluggum til suðurs. Eldhús með góðri innréttingu. Sex herbergi og sjónvarpshol/alrymi. Húsið er keypt fókheld haustið 1997 og fullklárað árið 1998. Glæsilegt og vel hirt lóð sem snýr til suðurs. Fallegur gróður og bæði víðar og hellulagð verönd.

**Verð 63,7 millj.**

### Strandvegur - Sjálandi Garðabæ. Glæsileg 3ja – 4ra herbergja íbúð



Mjög glæsileg 3ja-4ra herbergja 118,7 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi niður við sjóinn.

Sér stæði í bílageymslu. Fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi. Tvö herbergi með skápum.

Frábært útsýni til sjávar, að Seltjarnarnesi, Bessastöðum og víðar. Skjólssæl verönd með steypum skjólvegg.

Frábær staðsetning niður við sjóinn.

**Verð 49,9 millj.**

### Lindargata. Glæsileg 3ja herbergja – laus strax.



Ný og glæsileg 97,7 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum suðursvölum að meðtalri sér geymslu og sér bílastæði í bílageymslu við Lindargötu 39. Íbúðin er ný og aldrei hefur verið búð í henni. Allar innréttingar og innihurðir eru úr hnotu og vönduð tæki eru í baðherbergi og í eldhúsi. Granít er á borðum eldhúsinréttingar og fallegur útbyggður stór gólfisður gluggi í stofu. Húsið að utan er klætt með flisum og því viðhaldslítið og gluggar í húsinu eru ál/tré.

Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

**Verð 54,9 millj.**

### Lundur 17 - 23, Kópavogi. Ný og glæsileg fjölbýlishús.



Mjög vandaðar og glæsilegar íbúðir í nýjum fjölbýlishúsum. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja og eru frá 98 fm. upp í 183 fm. Allar innréttingar verða frá Brúnás, eikarhurðir frá Parka. Vönduð eldhústæki frá AEG og hreinlætistæki. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna nema á baðherbergi og í þvottahúsi verða flisar. Íbúðir í Lundi 17-23 verða afhentar á tímabilinu jan-júní 2016. Innréttingar eru sérsmíðaðar, en óski kaupandi eftir breytingum þurfa slíkar óskir að koma fram tímanlega.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

### Naustavör 8 – 12, Kópavogi. Nýjar íbúðir.



Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 87,5 fm. upp í 153,9 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

# VINDAKÓR 10 – 12, KÓPAVOGI.

NÝJAR 4RA OG 5 HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Glæsilegt fjölbylíshús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.

Íbúðirnar sem eru 4ra og 5 herbergja eru frá 113,6 fm til 144 fm.

Íbúðirnar eru innréttaðar með HTH innréttingum og vönduðum AEG eldhústækjum og eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.

Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



OPIÐ HÚS  
Í DAG

## LJÓSVALLAGATA 22



### Ljósvallagata 22. 3ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

